



HAGFRÆÐISTOFNUN VEFUMRÆÐUBORÐ – URRÍÐAFOSSVIRKJUN

JÚNÍ 2020



KYNNINGARTEXT	3
TEXTI ÚR KÖNNUN	3
TRÚVERÐUGLEIKI AÐSTÆÐNA	10
MAT FAGHÓPA	18
RAFORKUÞÖRF	34
GREIÐSLUGETA	42
AÐ LOKUM	51



KYNNINGARTEXT

Takk fyrir að taka þátt í þessu vefumræðuborði.

Þetta vefumræðuborð er liður í umfangsmiklu verkefni sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands stendur að. Spurningarnar í vefumræðuborðinu miða að því að skilja hvernig þér gekk að svara könnuninni um Urriðafossvirkjun, sem við sendum þér á mánudaginn síðasta.

Við erum sífellt að reyna að betrumbæta spurningarnar svo niðurstöðurnar nýtist sem allra best og því eru svör þín í vefumræðuborðinu okkur mjög mikilvæg. Við biðjum þig því að svara eins vel og ítarlega og þú getur.

Þú getur svarað öllum spurningunum í vefumræðuborðinu í einu eða tekið þér hlé frá því að svara og lokað vafranum. Til þess að komast aftur inn í vefumræðuborðið smellir þú á hlekkinn sem þú fékkst í tölvupóstinum og getur þá haldið áfram að svara.

Þú þarft ekki að svara öllum einstökum spurningum og ef þú velur að svara ekki tiltekinni spurningu smellir þú einfaldlega á „>“ hnappinn.

Til upprifjunar þá birtist, hér á næstu síðum, **sami** skýringartexti um Urriðafossvirkjun og birtist í könnuninni sem þú svaraðir nýlega. **Ekki er þörf á því að lesa textann aftur** til að svara spurningunum en þú getur haft hann til hliðsjónar ef þú vilt rifja upp textann.

Athugið að vefumræðuborðið verður aðeins opið í 3 sólahringa svo endilega byrjaðu strax að svara, en **virkir þátttakendur fá 10.000 króna gjafabréf sem þakklætisvott fyrir þátttökuna.**

Maskína fylgist með umræðunum og í einhverjum tilvikum sendum við skilaboð á einstaka þátttakendur og biðjum um ítarlegri svör eða útskýringar á svari.

Farið verður með öll svör sem trúnaðarmál og þau eru ekki rekjanleg til einstaklinga. Til að gæta nafnleyndar munt þú svara undir dulnefni í borðinu.

Þú getur haft samband við Birgi Rafn Baldursson, í gegnum netfangið birgir@maskina.is eða í síma 578-0125, ef þú hefur frekari spurningar.

TEXTI ÚR KÖNNUN

Raforkukerfið og rammaáætlun

Markmið raforkulaga er meðal annars að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Þau kveða einnig á um að taka skuli tillit til umhverfissjónarmiða við uppbyggingu kerfisins.

Rammaáætlun er áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem byggð er á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati. Rammaáætlun er á forræði stjórnvalda, en sjálfstæð verkefnastjórn raðar mögulegum virkjanakostum út frá ráðgjöf og rannsóknum faghópa. Röðunin tekur tillit til verndargildis náttúru og menningarminja, hagkvæmni og hagsmuna þeirra sem hlut eiga að máli. Flokkar rammaáætlunar eru verndarflokkur, orkunýtingarflokkur og biðflokkur og í þá raðast virkjanakostir sem hér segir:

Verndarflokkur: Virkjanakostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.

Biðflokkur: Virkjanakostir sem talið er að afla þurfi meiri upplýsinga um áður en tekin er endanleg ákvörðun um verndun eða nýtingu.

Orkunýtingarflokkur: Virkjanakostir sem áætlað er að ráðast megi í. Ef virkjanakostur fellur í orkunýtingarflokk geta orkufyrirtæki sótt um virkjanaleyfi.

Urriðafossvirkjun I

Virkjanakosturinn sem er kallaður Urriðafossvirkjun er neðsti virkjanakosturinn í þjórsá. Hann er rétt við þjóðveg 1. Urriðafossvirkjun er í biðflokki í rammaáætlun.



Í efri hluta Þjórsár eru nú þegar sex virkjanir. Í neðri hluta Þjórsár eru tveir aðrir virkjanakostir sem eru annars vegar í orkunýtingarflokki og hins vegar í biðflokki.

Að neðan fylgir kort af svæðinu sem um ræðir.




Urriðafossvirkjun II

Útfærslan á Urriðafossvirkjun gerir ráð fyrir að Þjórsá yrði stífluð við Heiðartanga rétt fyrir ofan Urriðafoss, og þar myndist tæplega 10 km langt inntakslón sem yrði að miklu leyti í farvegi árinna.

Ásýnd Þjórsár myndi breytast á þessum kafla þannig að áin flyti yfir hólma og tanga og líktist stöðuvatni. Á vesturbakka árinna yrðu stíflubakkar og ræsissturðir meðfram lóninu til að halda því innan árfarvegsins. Á austurbakkanum yrðu stíflugarðar til að vernda votlendi. Þar sem virkjanir ofar í Þjórsá hafa þegar miðlað vatninu er flæði árinna jafnt og lónshæðin yrði því stöðug.

Við botn lónsins yrði stjórnhús og spennar ásamt vegi að stjórnhúsi. Leitast yrði við að fella mannvirki ofanjarðar að landslagi svæðisins. Jarðstrengur myndi tengja virkjunina við raflínu sem fyrir er á svæðinu og því tengdist hún flutningskerfi raforku án þess að leggja þyrfti nýjar háspennulínur.

Kortið hér fyrir neðan sýnir inntakslón Urriðafossvirkjunar og staðsetningar á stíflubökkum.



Urriðafossvirkjun III


Tölvugerð mynd sem sýnir Þjórsá ef af Urriðafossvirkjun yrði.



Urriðafossvirkjun IV

Úr inntakslóninu yrði hluta Þjórsár veitt um göng að stöðvarhúsi neðanjarðar og þaðan um 3 km löng frárennsligöng aftur út í núverandi farveg Þjórsár 1,2 km fyrir neðan Urriðafoss. Þannig myndi virkjun leiða til þess að rennsli í Urriðafoss minnkaði talsvert.

Myndin sýnir tölvugerða ásynd inntakslóns og rennsli Þjórsár niður í Urriðafoss.



Urriðafoss

Meðalrennsli í fossinum er í kringum 355 rúmmetrar á sekúndu á ársgrundvelli en með virkjun yrði það að lágmarki 10 rúmmetrar á sekúndu að vetrarlagi og 50-100 rúmmetrar á sekúndu að sumarlagi á göngutíma laxfiska.

Á myndunum má sjá meðalrennsli í Urriðafossi.







Mat faghópa

Engin friðlönd né friðlýstar náttúrumyndanir er að finna á áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar, en Urriðafoss nýtur landslagsverndar skv. lögum um náttúruvernd. Landslagsvernd miðar að því ásýnd fossa og nánasta umhverfis þeirra spillist ekki. Atriði hér að neðan liggja að baki mati faghópa á Urriðafossvirkjun.

Fuglar: varp- og búsvæði fugla myndu tapast þar sem inntakslón færir yfir eyjur, hólma og áreyrar. Talið er það myndi hafa áhrif á tæplega 1.000 mófuglapör og náttstaði gæsa.

Ferðamennska: virkjun er talin hafa lítil áhrif á ferðamennsku á áhrifasvæði virkjunar.

Sjónræn áhrif: inntakslón, stífla og mannvirki ofanjarðar hefðu sjónræn áhrif á landslag og myndu sjást frá þjóðvegi 1. Skert rennsli myndi breyta ásýnd Urriðafoss verulega.

Grunnvatn: ekkert sem bendir til þess að virkjun hefði áhrif á grunnvatnsstöðu á svæðinu.

Votlendi: og annað gróðurlendi færu undir inntakslón og mannvirki. Jafnstórt votlendi yrði endurheimt annars staðar á Íslandi.

Menningarmínjar: á vestari bakka Þjórsár við Þjótanda er forn túngarður sem færir undir inntakslón.

Urriðafoss: draga myndi úr vatnsmagni Urriðafoss um allt að 97% að vetrarlagi og á bilinu 75%-90% að sumarlagi, en í dag er Urriðafoss vatnsmesti foss landsins. Áhrifin eru afturkræf.

Víðerni: þar sem neðri Þjórsá er í byggð hefði virkjun ekki áhrif á víðerni.

Plöntur: hvorki er að finna plöntu- né mosategundir á valista á áhrifasvæði virkjunar. Þó er þar að finna tvær sjaldgæfar mosategundir og fléttur.

Beitarland: tún og beitarlönd færu undir inntakslón og mannvirki en nýtt ræktarland yrði til með hjálp stíflubakka þar sem áin flæddi áður yfir.

Mat faghópa á fiskistofna

Fiskar: í Þjórsá er einn stærsti laxastofn landsins. Hann er erfðafræðilega frábrugðinn öðrum laxastofnum á Íslandi. Þar er einnig að finna fjölbreytt samfélag annarra fiskitegunda eins og staðbundna stofna af bleikju og urriða, sem og stofna sem ganga til sjávar. Um 88% af núverandi búsvæðum laxfiska í Þjórsá eru ofan við Urriðafoss. Stífla og skert rennsli neðan stíflu myndi hindra göngu laxfiska upp ána til hrygningar og seiða á leið til sjávar. Inntakslónið myndi gjörbreyta samfélögum fiska. Áhrifin á staðbundna urriða- og bleikjustofna gætu verið jákvæð vegna minnkunar á laxi þar sem hann þrífst illa í lönum á meðan lón verða oft ákjósanleg búsvæði urriða og bleikju. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir sem lýst er hér á eftir eru taldar milda áhrifin á fiskistofna Þjórsár, en óvissa er um virkni þeirra:

- **Fiskistigi:** við stíflu. Líklegt er talið að hann kæmi í veg fyrir að sjógöngustofnar í Þjórsá deyi út. Fiskistigi ofar í Þjórsá er talinn hafa haft góð áhrif á stærð laxastofnsins.



- **Seiðafleyta:** veitir efsta lagi vatnsins úr lóninu, þar sem seiði halda til, framhjá vélum virkjunar og út í farveg árinna. Jafnframt yrðu vélar virkjunar af gerð sem ekki á að vera hættuleg fiskum. Talið er að með þessu móti yrðu lífslíkur seiða á bilinu 90-95%, en álíka seiðafleytur hafa gefið góða raun erlendis.
- **Aukið rennsli:** á göngutíma laxfiska yrði rennsli í Urriðafossi meira en að jafnaði.
- **Þrenging árfarvegjar:** neðan við stíflu gæti þurft að þrengja árfarveginn til að tryggja að lífríki í árfarvegi viðhaldist.
- **Uppkaup á netaveiði:** í Þjórsá er einkum stunduð netaveiði á laxi en hún yrði keypt upp til að draga úr veiðiálagi á laxastofninn. Þannig yrði stuðlað að eflingu stofnsins og tækifæra til stangveiði í ánni.
- **Ný búsvæði:** stefnt er að því að búa til búsvæði fyrir lax ofar í Þjórsá.

Raforkukerfi

Framkvæmdir á raforkukerfum eru tímafrekar og þær þarf að skipuleggja með fyrirvara til að mæta eftirspurn samfélagsins á hverjum tíma. Í raforkuspá stjórnvalda er gert ráð fyrir að til ársins 2030 aukist raforkunotkun almennra notenda um u.þ.b. 190 megavött. Spáin tekur meðal annars til orkuskipta bílaflotans. Stóriðja er ekki tekin með í spána þar sem hún er ekki almennur notandi.

Núverandi framleiðslugeta raforkukerfisins getur ekki annað aukinni eftirspurn af þessari stærðargráðu. Að öðru óbreyttu mun koma til skorts á rafmagni ef ekki verður ráðist í virkjanaframkvæmdir. Viðvarandi skortur á rafmagni mun leiða til hækkunar á rafmagnsreikningi heimila og fyrirtækja í landinu og jafnvel skömmunar á ákveðnum tímum sólarhringsins.

Miðað við kostnaðarflokkun Orkustofnunar er Urriðafossvirkjun hagkvæmasti virkjanakosturinn í rammaáætlun því fyrsti virkjanakosturinn í röðinni sem kemur til athugunar. Uppsett afl Urriðafossvirkjunar yrði 140 megavött sem færi langt með að anna metinni eftirspurn almennra notenda.

TRÚVERÐUGLEIKI AÐSTÆÐNA

Þegar þú svaraðir spurningunum í könnuninni, fannst þér skýrt eða óskýrt að Urriðafossvirkjun er virkjanakostur en ekki raunveruleg virkjun sem er til staðar í dag?

Ef þér fannst það óskýrt gætir þú útskýrt það nánar?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég sá það að þetta er virkjanakostur

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mér fannst það koma greinilega fram að Urriðafossvirkjun væri virkjanakostur.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mér fannst framsetningin mjög skýr.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já mér fannst það koma skýrt fram að þetta væru spurningar um mögulega framkvæmd en ekki virkjun sem væri til nú þegar.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Ég hef lengi vitað að Urriðafossvirkjun er virkjunarkostur góður. Í dag eru aðrir kostir betri t.d að bæta við vél í Sigöldu og Hrauneyjum. Staðan hjá Landsvirkjun í dag er að 6-7-8 vélar eu stopp vegna skorts á raforkukaupendum !!!

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já mér fannst það mjög skýrt að um mögulegan virkjanakost væri að ræða

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)



óskýrt að því leyti að virkjanir eru orðnar svo margar og nöfnin mörg að erfitt getur verið að muna hvað er búið að virkja og hvað ekki nema að maður þekki þeim mun betur til sem heimamaður af svæðinu eða tæknimaður að fjalla um kostina alla daga

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mér fannst það mjög skírt, að urriðafossvirkjun er ekki til heldur kostur sem verið er að meta.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Skýrt

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Nei, ég skildi það strax þannig að þetta væri hugmynd sem væri möguleiki innan rammaáætlunar.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Mjög skýrt

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já mér fannst skýrt að Urriðafossvirkjun er virkjanakostur en ekki raunveruleg virkjun núna.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

já

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Kýrskýrt

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já mjög skýrt.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Skýrt

Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Nei, mér fannst það liggja ljóst fyrir.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já mér fannst það mjög skýrt.

Carpenters (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 300, Aldur: 60)

Nei. Það var ekkert óskýrt í spurningunni. Það sem er óskiljanlegt er af hverju er ekki búið að virkja Urriðafoss fyrir löngu, m.a. vegna þess að það land sem fer í kaf er fyrst og fremst manngert, t.d. tún.

Hvernig gekk þér að átta þig á því hvar Urriðafossvirkjun yrði staðsett?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég þekki vel til þessa svæðis þar sem ég bý í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ég átta mig því á hvar virkjunin yrði staðsett.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Vel þar sem skýringarmyndirnar eru mjög góðar.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mjög vel. Ég hef oft keyrt fram hjá fyrirhuguðu lónstæði og ég hef komið að Urriðafossi.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)



Ágætlega.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég hafði ágætishugmynd um hvaða svæði á landinu væri verið að tala um en þurfti að google-a til þess að fá það á hreint og sjá þetta betur fyrir mér.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Mjög vel.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Mjög vel enda vel kunnugur staðhátum.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ágætlega, sérstaklega út frá kortinu og staðsetningu miðað við þjóðveg 1

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

ekki vel því ég þekki svæðið illa

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

er gekk ágætlega, gott að hafa þessar tölvuteiknuðu myndir til að átta sig betur á staðsetningunni

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Ekki nógu vel, rugla mörgum ám á Íslandi saman 😞

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Vel

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Vel, enda hef ég komið að Urriðafossi nokkrum sinnum.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Það kom vel fram bæði í texta og á myndum.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mjög vel þar sem teikningar voru skýrar á loftmyndum.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Vel

Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Mjög vel. Hef farið um þtta svæði og séð kort af því í blöðum áður.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Nokkuð vel, þrátt fyrir að vera ekki vel að mér í íslenskri landafræði.

Carpenters (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 300, Aldur: 60)

Mjög vel. Langar hins vegar að taka það fram að nota orðið foss þegar um er að ræða flúðir gefur ranga mynd af virkjunarkostinum.

**Hvað fannst þér um myndirnar í könnuninni?****Voru þær hjálplegar eða ekki? Nauðsynlegar eða ónauðsynlegar?**

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Myndirnar voru mjög hjálplegar. Skýrðu málið mikið.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mjög hjálplegar og nauðsynlegar.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Já þær voru hjálplegar og nauðsynlegar sérstaklega þar sem að ég þekki svæðið ekki vel.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mér fannst þær mjög hjálplegar og nauðsynlegar.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Mjög hjálplegar og alveg nauðsynlegar.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Fyrir þá sem ekkert vita um Urriðafoss og því tengdu eru myndirnar mjög gagnlegar. Fyrir okkur sem þekkja þarna til breyta þær ekki miklu.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Þær voru mjög góðar, þar sem ég er mjög mynd glaður maður.....

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já mér fannst þær mjög hjálplegar til að sjá fyrir sér staðsetningu og umfang

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

vantar punkta sem nánast allir þekkja kaupún oph

Maskína

Getur þú nefnt fleiri staði sem þér finnst að ættu að vera merktir inn á kortið?

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

þekkt fjöll, brýr, þannig að maður geti staðsett virkjanasvæðið nokkurn veginn í huganum, best væri náttúrulega að fara á staðinn og taka svæðið út fyrir sjálfan sig

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mjög hjálplegar og eiginlega bara nauðsynlegar til að gefa skýrari mynd af mögulegri framtíðarsýn.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

já hjálplegar til að sjá hvar í ánni, en þar sem ég átta mig ekki á hvar áin er hafði það lítið að segja. Kannski hefði verið betra að hafa myndina sem var og aðra við hliðina af öllu íslandi og rauðan punkt þar sem virkjunin á að koma.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Eða af þeim landsfjórðungi sem á við og rauðan punkt þar sem virkjunin væri staðsett.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Mjög góðar

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)



Myndir eru algjörlega nauðsynlegar í umræðu eins og þessari. Betra að hafa fleiri en færri. Í kaflanum Urriðafoss II hefðu t.d. mátt vera tvær myndir til samanburðar: mynd af staðnum nú og tölvugerð mynd sem sýndi svæðið eftir virkjun. Einnig ætti almennt að vera meira af nærmyndum af umræðuefninu, ásamt víðmyndum/yfirlitsmyndum.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Myndir er alltaf af hinu góða og nauðsynlegar til að auðvelda manni að sjá hvernig hlutirnir koma til með að líta út

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mjög hjálplegar.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Bæði hjálplegar og nauðsynlegar

Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Þær voru hjálplegar, meðal annars um staðsetningu og legu lónsins. Það var betra að hafa þær en ekki.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mjög góðar myndir sem voru mjög hjálplegar með að átta sig á staðsetningu og útliti kæmi til virkjunar á svæðinu.

Carpenters (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 300, Aldur: 60)

Þær eru bæði hjálplegar og nauðsynlegar.

Áttaðir þú þig á því að áhrif virkjunarinnar á Urriðafoss yrðu algjörlega afturkræf?

Veist þú hvað það þýðir að áhrif séu afturkræf?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég tel að áhrifin verði ekki algerlega afturkræf. T.d. vitum við ekki hvort fuglalíf yrði það sama ef virkjun yrði stöðvuð og lónið tæmt.

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

nei það fannst mér ekki. Mér fannst látið í það skína þegar sagt er að áhrif séu "algjörlega afturkræf" þá séu það öll áhrif.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Já ég veit hvað það þýðir.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Nei ég áttaði mig ekki á því en það er gott að heyra.

Já ég veit hvað það þýðir.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Nei ég var ekki búin að átta mig á því fyrr. Já ég skil hvað afturkræft þýðir.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já ég tók eftir því að það var tekið fram og fannst gott að vita það.

Það þýðir að allt færi aftur í fyrra horf ef virkjuninni yrði lokað.



Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Það segir sig sjálft að virkjanir á við þessa má fjarlægja og ganga frá þannig að vart sjáist merki. Þau hafa orðið örlög heilla borga. Ég vissi hinsvegar ekki fyrr en nú að gert sé ráð fyrir afturkræfni í hönnun mannvirkjanna. Fyrir mér er það óþarfi, þar sem engin haldbær rök eru fyrir slíku önnur en tilfinningalegs eðlis. Mjög virðingarvert af hönnuðum að ganga svona langt í að sefa andstæðinga þessarar framkvæmdar.

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Ég átta mig ekki á því. Ef virkjað er að fullu með öllum mannvirkjum stíflu sem stövarhúsi neanjarðar, þarf þá aðeins að fjarlægja síflu svo að allt verði sem fyrr: að fullu afturkræft ???

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég geri ráð fyrir því að átt sé við að hægt sé að hverfa alfarið til baka til stöðunnar eins og hún var áður en var virkjað, og finnst kannski frekar djörf fullyrðing að einhver áhrif af þessu tagi verði algjörlega afturkræf. Þetta orðalag held ég að hafi átt þátt í því að ég upplifði könnunina ekki hlutlaus.

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Nei ég meðtók það ekki þannig, ég tók þetta frekar sem áhrifin í heildina

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Já það geri ég með hvort tveggja

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

nei ég áttaði mig ekki á því og finnst það frekar ótrúlegt þó ég sé ekki sérfræðingur í þessu. En eg googlaði hvað afturkræf þýðir og skil hvað það er.

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Já það kom fram að þau væru afturkræf. Ég þóttist vita það en googlaði það til að vera alveg viss 😊

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já og átta mig á því

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Afturkræf þýðir að hægt er að taka aðgerðir tilbaka þannig að áhrifa þeirra gæti ekki lengur. Vissulega væri hægt að loka hugsnalegri Urriðafossvirkjun á einhverjum tímapunkti þannig að rennsli fossins yrði eins og fyrir virkjun. Samkvæmt texta gæti rennslið minnkað um 97% að vetri en um 70-90% að sumri. En flest önnur áhrif virkjunarinnar eru ekki afturkræf. Ásýnd svæðisins við fossinn yrði aldrei eins og áður. Áhrif á fugla, votlendi og gróður eru ekki afturkræf. Né svæðið sem færi undir lónið. Merki um mannvirki, s.s.



ræsissskurður, vegir, 3 km langur frárennisskurður, stöðvarhús og annað, yrðu alltaf merkjanleg og því óafturkræf áhrif af þeim.

Maskína

Hér var átt við vatnsmagn í fossinum þegar talað var um afturkræf áhrif, fannst þér það ekki koma nógu skýrt fram?

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Jú ég skildi það - en kannski var það ekki nógu skýrt miðað við hversu margir misskildu spurninguna.

Það sem ég skildi ekki varðandi könnunina í heild var uppbyggingin, þ.e. hvernig svona gluggar opnuðust við hin mismunandi atriði. Þannig að fyrst svaraði ég fleiru en nákvæmlega var spurt um - eins og í þessari spurningu.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Nei var ekki klár á því fyrirfram. Já að hlutum sé skilað í sama ásikomulgi og það var fyrir framkvæmdir.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já ég las það og skildi það þannig, afturkræf áhrif þýðir að ástand gæti mögulega orðið sambærilegt aftur eftir ákveðinn tíma.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Já. Fátt er með öllu afturkræft þegar lífríki er annarsvegar

Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Já, það má snúa til baka til fyrra horfs, þe auka síðar vatnsmagnið í fossinum.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Nei ég áttaði mig ekki alveg nógu vel á því.

Já ég veit hvað það þýðir.

Í könnuninni var endanlegt útlit virkjunarinnar ekki sýnt. Telur þú að útlit hennar myndi hafa einhver áhrif á afstöðu þína?

Ef svo er, hvernig og afhverju?

Ef svo er ekki, afhverju?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Endanlegt útlit virkjunar hefur ekki áhrif á afstöðu mína. Fyrir mér skipta önnur atriði máli s.s. dýralíf og lónið.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Útlit virkjunarinnar hefur vissulega áhrif á afstöðu mína. Ef virkjunin verður mjög áberandi fyndist mér það miður.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Nei, ég held að útlitið muni ekki koma til með að hafa áhrif á afstöðu mína enda ekkert sem ég horfi til.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Endanlegt útlit virkjunarinnar skiptir mig ekki máli. Mér finnst minna vatnsmagn í Urriðafossi skipta meiri máli.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já mögulega myndi það hafa áhrif. En það er tekið fram að útlitið eigi að samlagast umhverfinu eins og hægt er. Mér finnst það mikilvægt.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)



Já, útlit er mannfólki hjartans mál. Það gæti haft áhrif á mína tilfinngalegu afstöðu (ef mér persónulega þætti mannvirknið ljótt t.d.), en skynsemisrök eru ekki háð estetískri afstöðu.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Hvað er útlitslega sýnilegt nema stíflan? Það eina sem breytist er að það verður til lón með stíflugerðinni, mér finnst það ásættanlegt í þessu umhverfi.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Útlitið hefur áhrif á afstöðu mína því mér þykir neikvætt ef útlitið væri á skjön við umhverfið

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já það myndi hafa áhrif á afstöðu mína ef þetta yrði eitthvað afspyrnu ljótt, ég myndi ætlast til þess að hönnunin yrði snyrtileg og félli ágætlega inn í umhverfið.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Algjörlega sammála! Finnst samt ólíklegt að þetta myndi verða eitthvað rosa ljótt... en maður veit aldrei

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Það var tekið fram að allt sem tengist framkvæmdunum eigi að falla sem best að umhverfinu og mér fannst það gott. Já eg hugsa að það myndi hafa áhrif á afstöðu mína ef það yrði ekki reynt að láta útlitið falla að umhverfinu því mér finnst að það eigi að reyna að "breyta" eins lítið og hægt er.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Ég held ég myndi kannski hugsa mig aðeins lengur um á afstöðu minni en ég held samt þegar uppi er staðið að ég myndi alltaf velja að hafa virkjun. Við erum svo heppin á Íslandi að hafa nóg af náttúruþerlum og að geta nýtt vatn og búa til rafmagn úr vatni að mér finnst að við eigum að nýta þessa orku. Það þarf ekki hver einasti blettur að vera fallegur þó það væri gaman. Það er ekki hægt að hafa allt fullkomið.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já hún verður að falla inn í umhverfið

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Nei, útlit virkjunarinnar myndi ekki hafa áhrif á þá skoðun mína að það eigi ekki að virkja við Urriðafoss. Ýmsir aðrir kostir standa til boða til að auka raforkuframleiðslu landsins.

Raforkuvirkjanir landsins eru nauðsynlegar eins og samfélagið er í dag. En spurningar eru um hvort landið þurfi virkilega á nýjum að halda - eða hvort nýta megi fyrirbyggjandi betur; t.d. hefur bráðnun jökla þau áhrif að meira vatnsmagn er að berast til þeirra.

Ég er aftur á móti á þeirri skoðun að virkilega eigi að vanda til verka hvað snertir útlit og umhverfisáhrif mannvirkja virkjana ALMENNT. Hanna þær þannig að þær séu eins lítt áberandi í umhverfinu og hægt er. Leggja þarf metnað í útlit stöðvarhúsanna sem eiga að vera hönnuð af arkitektum, í samvinnu við annað fagfólk sem þar þarf að koma að.

Jákvætt er að gera ráð fyrir að hægt sé að heimsækja virkjunina og fá fræðslu um starfsemi hennar, eins og er nú þegar í nokkrum virkjunum landsins.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Gæti haft áhrif en samkv. Mínum skilningi þá á þetta að falla eins vel að umhverfinu eins og kostur er og á því ekki að hafa áhrif á mína skoðun.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Nei mun ekki hafa áhrif á afstöðu mína

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Já vel frá gengið umhverfi með gróðri sem fellur vel að landslagi og mannvirkjum



Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Nei, mér skildist að þetta yrði bygging að mestu neðanjarðar, þannig að útlit hennar er ekki úrslitaatriði.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já það myndi hafa einhver áhrif þar sem hún sést frá þjóðveginum og því leiðinlegt ef hún væri umhverfislýti.

MAT FAGHÓPA

Fannst þér afleiðingar virkjunarinnar á umhverfið komast vel eða illa til skila?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mér fannst það koma nokkuð vel til skila.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst þær komast nokkuð vel til skila

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Þær komast vel til skila.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

komst ágætlega til skila held ég.

Myndi vilja vita meira um hvernig áhrifin væru á fiskana og fuglana.

Maskína

Telur þú að það myndi hjálpa að hafa hlekk inn í könnuninni á ramma.is eða á lokaskýrslu rammaáætlunar fyrir áfanga 3?

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já ég hugsa að það væri sniðugt að hafa auðvelt aðgengi að meiri upplýsingum ef fólki finnst það þurfa.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Þær komast mjög vel til skila.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Innihald og framsetning þessarar kynningar er í hæsta gæðaflokki.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Mér finnst afleiðingar virkjunar komast vel til skila í máli og myndum.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

já mjög skýrt

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Mér fannst þær komast nokkuð vel til skila, en ég fékk ekki á tilfinninguna að upplýsingarnar væru hlutlausar og því fékk ég kannski ekki fullvissu fyrir því að öllum afleiðingum væru gerð skil að fullu.

Maskína

Telur þú að það myndi hjálpa að hafa hlekk inn í könnuninni á ramma.is eða á lokaskýrslu rammaáætlunar í áfanga 3?

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Mögulega, en ég veit ekki hvort það hefði breytt miklu, það er kannski dálítið mikil vinna að kynna sér slík gögn. En það myndi samt kannski samt hjálpa að hafa aðgengi að þessum upplýsingum.



Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

nokkuð vel fannst mér

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

já vel útskýrt. Líkaði sérstaklega hvernig það var listað upp og sett í bold málefnið sem það tengdist

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já bara nokkuð vel

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já, mér fannst það koma nokkuð vel til skila.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Nokkurð vel allt á að falla eins vel að umhverfi og kostur er

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Komst ágætlega til skila.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Nokkuð vel.

Ace (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 103, Aldur: 65)

Því eru gerð þokkaleg skil.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já, mér fannst þær komast vel til skila.

Fannst þér afleiðingar virkjunarinnar á umhverfið settar fram á gildishlaðinn eða hlutlausan máta?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mér fannst frekar dregið úr afleiðingum virkjunarinnar.

Maskína

Getur þú útskýrt nánar afhverju þér finnst það eða mögulega nefnt eitthvað dæmi um hvað mætti betur fara?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

T.d. að fiskistiginn bjargi sjógöngustofnum. Seiðafleyting bjargi seiðunum og að aukið ennsli verði í fossinum á sumrin. Trúi ekki á ný búsvæði fyrir laxinn enda sagt að stefnt sé að því.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Sæmilega hlutlaust

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Á hlutlausan hátt

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég upplifði þetta frekar hlutlaust sett fram.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Frekar hlutlausan máta.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)



Hlutleysi í framsetningu upplýsinga er markmið sem aldrei verður náð að fullu. Fyrir mér er hér komist býsna nálægt því, miðað við hvað hægt er við svona aðstæður.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Hlutlaust og hlutlægt mat : Já.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

hlutlausan

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég fékk ekki á tilfinninguna að framsetningin væri hlutlaus, heldur hallaði frekar að jákvæðni fyrir virkjun

Maskína

Getur þú útskýrt nánar afhverju þér fannst það og mögulega tekið dæmi um slíkt?

Telur þú að að það myndi auka trúverðugleika að hafa hlekk á vinnu faghópa og rammaáætlun?

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Hlekkir myndu mögulega hjálpa. Ég á dálítið erfitt með að setja nákvæmlega fingur á hvað það var, mögulega sá misskilningur minn að staðhæfingar um afturkræfar afleiðingar ættu við öll áhrif en ekki bara vatnsmagnið... Einnig fannst mér framsetningin dálítið bera með sér að valkostirnir væru annað hvort þessi virkjun eða hærra raforkuverð og skömmun á rafmagni.

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

frekar hlutlausan fannst mér.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Frekar gildishlaðinn held ég. Sérstaklega þegar spurt var um hvort maður væri tilbúinn til að borga meira fyrir rafmagnið

Maskína

Geturðu útskýrt nánar hvað þér fannst gildishlaðið?

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Var að lesa textann aftur, hann er í rauninni settur fram á hlutlausan máta en mér finnst vanta meiri rökstuðning við sumar afleiðingarnar. Þess vegna fékk ég þessa tilfinningu að hann væri gildishlaðinn.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já nokkuð

Maskína

Hvort áttu við nokkuð hlutlausan eða nokkuð gildishlaðinn?

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Mér fannst þær settar fram á nokkuð hlutlausan máta. Nema hvað orðalagið „algjörlega afturkræf“ gildishlaðið - og eflaust mætti finna fleiri slík dæmi ef rýnt er í textann.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Það er ekki auðvelt að hafa þetta alveg hlutlaust en mér finnst þetta nokkuð vel fram sett, um kosti og galla.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Stórum hluta hlutlausan máta, en mátti greina gildishlaðinn tilgang á nokkrum stöðum.

Maskína



Getur þú nefnt dæmi um staði þar sem þér fannst textinn með gildishlaðinn tilgang?

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Þegar talað er um óveruleg áhrif á votlendi og afturkræf áhrif, þetta eru gildishlaðin ummæli sem sett eru fram, við getum ekki séð fram í tíma hvað framkvæmdin sjálf við verkið á eftir eyðileggja mikið áður en sjálf virkjunin yrði reist og komin í rekstur.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Á nokkuð hlutlausann hátt

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Nokkuð hlutlausan máta að ég held, þar sem bæði voru settir fram jákvæðar/hlutlausar afleiðingar sem og slæmar.

Í könnuninni voru settar fram umsagnir faghópa um hver áhrif virkjunarinnar á umhverfi svæðisins yrðu.

Mat faghóps um menningarminjar var eftirfarandi:

Á vestari bakka Þjórsár við Þjótanda er forn túngarður sem færi undir inntakslón.

Hvað finnst þér um þessar breytingar?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mér finnst forn túngarður lítil fórn miðað við áhrif á laxastofninn í ánni og fuglalíf.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst þær ekki hafa stór áhrif á mína skoðun

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Get ekki sagt að ég hafi miklar áhyggjur af því

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Það er ekki gott að setja fornar minjar undir inntakslón.

Maskína

Geturðu sagt okkur afhverju þér þykir það ekki gott?

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Það á að vernda fornminjar

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Túngarður sem fer undir stöðuvatn er ekki vert að kalla fórn í mínum huga, forn eða óforn. Túngarður er manngert hversdagsverk sem má endurskapa, ef einhver vill. Væri um að ræða sérstætt náttúrufyrirbrigði horfði öðruvísi við. Eða gamalt, fallett þorp, eins og sums staðar hafa farið á kaf, þar sem við slíkt eru oftast bundnar miklar tilfinningar einstaklinga.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Er ekki nóg til af gömlum túngörðum í landinu ??? spurði bóndinn.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ef þetta eru menningarminjar sem finnast annars staðar á landinu þá ætti þetta að vera í lagi að mínu mati.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Þarna er fórnað litlum hagsmunum fyrir meiri



Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Það eru alls staðar gamlir túngarðar, mér finnst það ekki stórmál

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mér finnst það frekar glatað, en mér fannst áhrifin á fugla- og fiskalífið mun verða.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Allt í lagi, nóg til af túngörðum að mínu mati. En kannski er ég bara ekki nógu vel að mér í landafræði 😊

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Snerta mig lítið

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ég er yfirleitt á þeirri skoðun að gæta þurfi þess að raska ekki menningarminjum. Hér hefði þurft að koma fram hvort um einstæðan túngarð væri að ræða og meiri upplýsingar um hann, til að geta myndað sér upplýsta skoðun á honum. Ég leit aðeins í skýrsluna um fornleifarannsóknina á staðnum en hún er svo löng að ég hafði ekki tíma til að lesa hana.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Með fullri virðingu fyrir minjum getum við ekki látið forna túngarða stoppa svona framkvæmd. Hvaða bóndi sem er gæti breytt sínu landi með því að rækta upp land og eða moka skurð.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Menningarminjar á ekki að fórna undir virkjanir eða annað.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Þar sem minjar fara undir framkvæmdir á að ransaka þær vel, hvort sem um er að virkjanir eða önnur mannanna verk

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Ég hef mikinn áhuga á að skoða slíkar minjar svo mér þætti það miður og tel að við ættum að verja allar þær fornminjar sem við eigum.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mætti kannski bæta við að ég vildi vita meira um þennan túngarð, fá myndir oþh. til þess að ákveða að fullu.



Í könnuninni voru settar fram umsagnir faghópa um hver áhrif virkjunarinnar á umhverfi svæðisins yrðu.

Mat faghóps um fiskistofna og mótvægisáðgerðir var:

Í Þjórsá er einn stærsti laxastofn landsins. Hann er erfðafræðilega frábrugðinn öðrum laxastofnum á Íslandi. Þar er einnig að finna fjölbreytt samfélag annarra fiskitegunda eins og staðbundna stofna af bleikju og urriða, sem og stofna sem ganga til sjávar. Um 88% af núverandi búsvæðum laxfiska í Þjórsá eru ofan við Urriðafoss. Stífla og skert rennsli neðan stíflu myndi hindra göngu laxfiska upp ána til hrygningar og seiða á leið til sjávar. Inntakslónið myndi gjörbreyta samfélögum fiska. Áhrifin á staðbundna urriða- og bleikjustofna gætu verið jákvæð vegna minnkunar á laxi þar sem hann þrífst illa í lónum á meðan lón verða oft ákjósanleg búsvæði urriða og bleikju. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir sem lýst er hér á eftir eru taldar milda áhrifin á fiskistofna Þjórsár, en óvissa er um virkni þeirra:

Fiskistigi: við stíflu. Líklegt er talið að hann kæmi í veg fyrir að sjógöngustofnar í Þjórsá deyi út. Fiskistigi ofar í Þjórsá er talinn hafa haft góð áhrif á stærð laxastofnsins.

Seiðafleyta: veitir efsta lagi vatnsins úr lóninu, þar sem seiði halda til, framhjá vélum virkjunar og út í farveg árrinnar. Jafnframt yrðu vélar virkjunar af gerð sem ekki á að vera hættuleg fiskum. Talið er að með þessu móti yrðu lífslíkur seiða á bilinu 90-95%, en álíka seiðafleytur hafa gefið góða raun erlendis.

Aukið rennsli: á göngutíma laxfiska yrði rennsli í Urriðafossi meira en að jafnaði.

Þrenging árfarvegjar: neðan við stíflu gæti þurft að þrengja árfarveginn til að tryggja að lífríki í árfarvegi viðhaldist.

Uppkaup á netaveiði: í Þjórsá er einkum stunduð netaveiði á laxi en hún yrði keypt upp til að draga úr veiðiálagi á laxastofninn. Þannig yrði stuðlað að eflingu stofnsins og tækifæra til stangveiði í ánni.

Ný búsvæði: stefnt er að því að búa til búsvæði fyrir lax ofar í Þjórsá.

Hvernig metur þú áhrifin á fiskistofna og hvað finnst þér almennt um mótvægisáðgerðirnar?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mótvægisáðgerðir er góðar út af fyrir sig en ég held að laxastofninn muni skaðast mikið af þessari framkvæmd.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég er ekki viss um að þessar áðgerðir komi til með að draga úr áhrifum á Laxinn

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Mér finnst frábært að það sé hægt að sjá svona hluti fyrir og geta gert ráðstafanir til þess að minnka slæm áhrif á fiskistofna.

Hef þínu áhyggjur af laxinum

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ég hef áhyggjur af hvernig hægt væri að halda áfram með þá skemmtulegu ferðapjónustu sem er búið að byggja upp í Trausthólma þar sem lax er veiddur í net með ferðamönnum og borin fram fyrir þá. Mér finnst stangveiði ekkert betri en netaveiði.

Annars líst mér vel á þessar mótvægisáðgerðir.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)



Það ber að gera allt til að viðhalda fiskistofninum í Þjórsá og koma laxinum ofar í áнна, öllum til ánægju og yndisauka.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hér er aftur verið að leggja sig fram langt umfram skynsemisrök, og erfitt að ímynda sér hvað ætti að gera meira til að sinna þeim sem finnst að fiskar sem velja jökulgruggugt Þjórsávatn eigi að fjölga sé á slóðum forfeðranna. Mjög virðingarvert, þó fiskarnir sjálfir verði aldrei varir við þessar umræður okkar mannanna.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ef fiskurinn kemst upp áнна er þetta í lagi. Í laxveiðiá sem hefur verið virkjuð sem ég hef farið í fer laxinn upp í laxastiga og fer upp áнна eins langt og hann kemst. Auðvitað hefur virkjunin áhrif en ekki eins mikið og maður hefði haldið. Mótvægisáðgerðirnar eru mjög fínar að mínu mati.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Þekking á áhrifum hefur aukist mikið og greinilega er allt gert til þess að lámarka áhrifin

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mér finnst þetta slæm áhrif, mér finnst gott að sjá þessar mótvægisáðgerðir en set spurningamerki við þær, þar sem mér finnst þetta vera svona sáttatillögur sem er ekki vitað hvort virki. eg skil ekki hver ætlar að kaupa upp netaveiðina, þeir sem virkja eða? mér fannst gott að lesa að það eigi að veita efsta laginu úr lóninu framhjá vélunum en ég var svolítið lengi að meðtaka þá tillögu, ætli mér finnist ekki orðalagið vera nógu skýrt fyrir mig.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Áhrifin á fiskistofna virðast vera nokkuð mikil, sérstaklega á laxa. Mótvægisáðgerðir hljóma almennt vel, en ég hef engar forsendur til að meta hvaða árangur er líklegt að verði af þeim.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Ég veit rosalega lítið um fiskistofna og hef takmarkaðan áhuga á þeim málefnum. En miðað við ofangreindar upplýsingar skil ég að virkjunin hefði ekki slæm áhrif á fiskistofna á svæðinu

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Vel að því staðið

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ég tel að áhrifin séu mikil og tel að mótvægisáðgerðirnar myndu ekki hafa nægileg áhrif til að draga út þeim.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Mín tilfinning er sú að þessi virkjun eigi ekki eftir að hafa mjög mikil áhrif á fiskistofna árinna til lengri tíma. Ef góður fiskvegur verður til staðar og honum viðhaldið eftir þörfum þá ætti búsvæði laxfiska að aukast. Í dag eru netaveiðar á undanhaldi og stangveiði hefur aukist mikið á Urriðafosssvæðinu, ég tel að með minnkuðu rennsli ætti ný veiðisvæði að myndast á öðrum stöðum í ánni. Laxveiðar í Þjórsá urðu að veruleika eftir virkjanir ofar í ánni og stofninn stækkað og dafnað eftir það ekki ósvipað og raunin hefur verið með Blöndu eftir virkjun í henni.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mitt mat er að við þetta stórt rask sem bæði tekur tíma að byggja upp tekur of langan tíma og engin trygging fyrir akveðnum niðurstöðum.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Yfirleitt eru mótvægisáðgerðir af hinu góða, en þær þurfa að vera raunhæfar og vel útfærðar og þannig úr garði gerðar að þær standist tímans tönn og ef með þarf sé veitt fé í viðhald í samráði við sérfræðinga og veiðifélög. Fiskifræðingar og stjórnarmenn í veiðifélögum geta betur metið áhrifin.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)



Ljóst er að áhrifin á stofnanna yrði fremur mikil, en þessar mótvægisáðgerðir hljóma vel og gott að heyra að það sé mikið búið að hugsa út í þessi áhrif. Ef öllu þessu verður framfylgt og virkar eins vel og sagt er þá ættu áhrifin ekki að hafa það mikil áhrif á afstöðu mína til virkjunarinnar.

Í könnuninni voru settar fram umsagnir faghópa um hver áhrif virkjunarinnar á umhverfi svæðisins yrðu.

Mat faghóps um fugla var:

Varp- og búsvæði fugla myndu tapast þar sem inntakslón færi yfir eyjur, hólma og áreyrar. Talið er það myndi hafa áhrif á tæplega 1.000 mófuglapör og náttstaði gæsa.

Hvað finnst þér um þessar breytingar?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Sem fuglaáhugamanns fyndist mér það afleitt.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Þetta tel ég vera slæmt. Ég er líka á því að þetta tjón sé ekki óafturkræft.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég hef nú ekki mikið vit á fuglum og venjum þeirra en ef þeir geta fundið sér önnur varp- og búsvæði þá hlýtur þetta að vera í lagi.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ekki gott enda er alltaf slæmt að missa varpsvæði.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Nægar eru mómýra til aðlögunar fyrir mófuglinn. Gæsin á eftir að njóta sín á lóninu og finna sér nýja náttstaði.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Réttlætanagerar.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég átta mig ekki alveg á því hversu víðtæk áhrifin verða eða hvort fuglarnir finni sér aðra staði til að verpa á.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Varla til að gera veður útaf, verra fyrir mótmæla er mikil skógrækt

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mjög slæmt

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Þetta hljómar nokkuð ugðvænlegt, en ég veit ekki hversu stór hluti fugla á svæðinu þetta er, eða hver áhrifin á þá verða. Munu þeir hverfa, eða færa sig lítilliga til?

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Eins og með fiskistofninn hef ég heldur aldrei verið spennt fyrir fuglum og veit þar af leiðandi ekki mikið um fuglalíf en ég myndi halda að þeir myndu flytja sig um set.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Reyndar ekki gott að fuglar tapi svæðum en þeir færa sig um set er það ekki

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Það er alltaf slæmt þegar varp- og búsvæði fugla tapast.



Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Þetta á eftir að hafa nokkuð mikil áhrif á núverandi búsvæði fugla, sem er ekki gott en nýsvæði myndast líka veið þetta sem gæti aukið fuglaflóru á svæði eitthvað. En með auknum heimtum á votlendi á suðurlandi ætti að búsvæði fyrir fugla að geta aukist á mót.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mér finnst það skelfilegt - fuglalífið á nú þegar undir högg að sækja.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Hvað mófuglana varðar, ekki góðar, hef minni áhyggjur af gæsunum.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér finnst þessi röskun ekki góð þar sem um stóran hóp fuglalífs er að ræða.

Í könnuninni voru settar fram umsagnir faghópa um hver áhrif virkjunarinnar á umhverfi svæðisins yrðu.

Mat faghóps um Urriðafoss var:

Draga myndi úr vatnsmagni Urriðafoss um allt að 97% að vetrarlagi og á bilinu 75%-90% að sumarlagi, en í dag er Urriðafoss vatnsmesti foss landsins. Áhrifin eru afturkræf.

Hvað finnst þér um þessar breytingar?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ef Urriðafossvirkjunin verður reist finnst mér allt tal um afturkræf áhrif á fossinn ósannfærandi.

Maskína

Getur þú útskýrt afhverju þér finnst það ósannfærandi?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ef af virkjun Urriðafoss verður finnst mér ólíklegt að hróflað verði við virkjuninni.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst þetta slæmt. Tel að það þurfi að halda meira vatni í fossinum.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Mjög slæmar breytingar enda er Urriðafoss mjög fallegur.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Þetta eru rosalega háar tölur og frekar leiðinlegt að heyra. En myndi ekki segja að það væri einhver "deal-breaker"

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Urriðafoss er mest skoðaður á sumrin 75 - 90 % vatnsmagn að sumri ætti að duga.

Maskína

Urriðafoss myndi minnka um 75-90% en ekki vera 75-90% af fyrri stærð. Fannst þér það óljóst í textanum?

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Það er greinilegt að ég hef misskilið það. Til betri vegar þá skal vera 75 - 90 % vatns á sumrin 3 mánuði annað er umhverfis og náttúruspjöll gagnvart ferðamönnum og ferða þjónustu.....

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hóf leiðsögn ferðamanna 1986, fyrir 34 árum, og hef sýnt hverskyns fólki nánast öll náttúrufyrirbrigði landsins. Það er ástæða fyrir því að best staðsetti stórfoss Íslands, Urriðafoss, við hlið þjóðveg 1 og rétt hjá Reykjavík,



var, og er, nánast aldrei skoðaður. Þeir sem það gera meta flest annað í fagurfræði íslenskrar náttúru ofar á skala áhrifaríkra upplifana. Mín persónulega skoðun er að virkun eins og hér er lýst geri Urriðafoss áhugaverðari en áður, þar sem hægt er að benda á hvað maðurinn er búinn að gera við hann. Hvort það sé gott eða vont, getur svo hver haft sína skoðun á.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)
Áhugaverður punktur!

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)
Ég tel þær alveg í lagi.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)
Þetta eru gríðarleg áhrif en þau eru afturkræf

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)
bara allt í lagi breytingar

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)
Ég hef enga sérstaka skoðun á þessu, þetta yrði augljóslega mikil breyting á fossinum, en ég býst við að hann muni áfram njóta sín þó með aðra ásýnd sé.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)
Virkar svaka mikil breyting á vatnsmagni. En samt þess virði til að fá það sem virkjunin skilar í samfélagið. Ég hafði aldrei heyrt um þennan foss fyrr en ég tók könnunina og þar sem áhrifin eru afturkræf finnst mér þessar breytingar í lagi.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)
Polanlegar

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)
Mjög slæmt að spilla fossinum og hans nánasta umhverfi á þennan hátt.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)
Ekki gott að meta sjónræn áhrif fossinn í dag er það vatnsmikill að kanski gæti myndast þarna nýir fallegir fossar. Þar sem þessar breytingar á rennsli eru afturkræfar þá er þetta í góðu lagi.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)
Skelfilegt, fossinn hverfur á veturna og verður spræna á sumrin sem er algjörlega óásættanlegt.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)
Hef ekki miklar áhyggjur af fossinum svo fremi sem lífríki skaðist ekki að ráði

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)
Þær trufla mig ekkert sérstaklega, sérstaklega ef þær eru afturkræfar.

Telur þú það jákvætt eða neikvætt að virkjunin sé í alfaraleið en ekki í óbyggðum?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)
Mér finnst mjög neikvætt að hafa virkjunina nálægt þjóðveginum.

Maskína
Afhverju telur þú það vera neikvætt?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)



Uppistöðulón eru ónáttúruleg.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Skiptir ekki máli

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Hvorki né.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

frekar jákvætt að setja fleiri mannvirki þar sem eru mannvirki nú þegar

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Lónið mun taka sig mjög vel út og verður vinsælt myndefni.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Jákvætt. Í alfaraleið er maðurinn þegar búinn að nuddast í náttúrunni og manngera hana í þúsund ár, svo ekki er hægt með sterkum rökum að tala um náttúruspjöll eins og í óbyggðum.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég held að það skipti ekki máli hvar hún sé staðsett. Allt hefur sína kosti og galla.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

mjög jákvætt vegna styttri flutnings vegalengdar á orku og ferðalög stutt vegna viðhalds

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

neikvætt

Maskína

Afhverju telur þú það vera neikvætt?

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

ef maður á að segja afhverju- væri gott að orða spurninguna þannig.

en mín skoðun er sú að ég vil vita sem minnst af virkjunum eða vera sem minnst vör við þær og finnst því neikvætt að hafa virkjununa í alfaraleið nálægt þjóðvegi 1.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég tel það frekar jákvætt að slíkar framkvæmdir séu í umhverfi þar sem þegar eru ýmis konar mannvirki allt um kring (vegir, byggingar, skurðir, tún, brýr, o.s.frv.)

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Mjög jákvætt, auðvelt aðgengi til að sinna störfum og viðhaldi.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Jákvætt

Minna um línur

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Hvorki jákvætt né neikvætt hvað þessa virkjun snertir.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Tel það ekki skipta höfuð máli í þessu samhengi, við færum ekki fossa 😊

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Skiptir engu í raun.



Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Almennt hefur fólk áhuga á vatnsorkuverum þ.m.t. ég en ekki jarðefnaorkuverum. Margar vel hepnar virkjanir hér á landi

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér finnst erfitt að segja til um það þar sem ég veit ekki hvernig útlitið verður. Ef þetta fellur vel inní náttúruna og er fallega hannað finnst mér ekkert að því að hún sé í alfaraleið.

Urriðafossvirkjun yrði í á sem er nú þegar virkjuð, finnst þér það skipta einhverju máli? Vinsamlegast útskýrðu af hverju svo er.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Mér finnst það ekki skipta máli. Staðsetningin er slæm.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Staðsetningin er slæm. Rök?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Virkjanir í alfaraleið eru slæm staðsetning.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hvað er á bak við þessa fullyrðingu þína? Finnst þér betra að afla orku í ósnortinni náttúru?

Sjálfum finnst mér, sem hef fylgst með uppbyggingu alls nútíma raforkukerfis landsins á minni ævi, mun skaplegra að hafa mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir þar sem maðurinn hefur þegar mótað og raskað náttúrunni í þúsund ár, á láglendinu.

Hvað finnst þér þá um orkuverið í Svartsengi, sem Bláa Lónið er hluti af, og alltsaman í alfaraleið? Væri því betur komið á t.d. Torfajökulssvæðinu?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Gufuafsvirkjanir eru minni að umfangi og trufla mig ekki. Uppistöðulón og eyðilegging fiskvega neðst í Þjórá finnst mér ekki góð hugmynd.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Já mér finnst eðlilegt að nota ána sem mest. Búið er að stjórna ánni mikið með örðum virkjunum. Held hins vegar að það þurfi að fara varlega í að virkja við fossinn.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Nei það skiptir engu máli

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Það sýnir vel hversu endurnýtanleg orkan okkar er. En mér finnst það bara jákvætt.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Því oftast sem þú nýtir vatnið á leið sinni til sjávar því hærra er nýtingarhlutfallið !!! gerist valla betra enn í Þjórsá.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Já, ekki síst því að rennsisjöfnun hefur þegar farið fram ofan áhrifasvæðis Urriðafossvirkjunar, sem má kalla nær hreina rennslisvirkjun sem samt nær ágættri nýtingu.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Er það ekki bara jákvætt? Hún hefur þá ekki áhrif á óvirkjaðar ár.



ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

breytir engu að mínu mati

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Eg held það sé gott og slæmt, kannski er þá hægt að áætla meira um áhrifin ef það hefur verið gert í sömu á, en samt er eitthvað frekar leiðinlegt við það að það sé alltaf sama áin sem er virkjuð

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já mér finnst það vera minna rask á náttúrunni að virkja á sem þegar er búið að virkja

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Nei ætti ekki að skipta máli. Það væri væntanlega ekki verið að virkja í henni á fleiri en einum stað nema orkuframleiðnin væri góð á báðum stöðum.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Gott að nýta þessa á

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já það er betra að bæta virkjun við í á sem þegar er virkjuð heldur en virkja „óspillta“ á.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Já ég tel réttara að virkja á sama svæði, frekar en að dreifa virkjunum út um allt minnar allt land. Samlegðaráhrif varðandi utanumhald, rekstur, mannhald og flutnings á rafmagni af svæðinu ætti að vera fjárhagslega hagkvæmt

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Þjósá á að vera eins og hún er og helst restin vera friðuð.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Svo fremi sem vel er að öllu staðið og lífríki verði fyrir sem minstum skaða sé ég ekki að það skipti máli

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já, þá hafa þegar verið gerðar einhverjar breytingar á ánni fyrir svo áhrifin yrðu kannski minni en að virkja í alveg nýrri á (Hef þó ekkert vit á hvort það sé rétt).

Þegar þú svaraðir könnuninni, áttaðir þú þig þá á því að ekki þurfti að leggja nýjar háspennulínur? Telur þú það jákvætt eða neikvætt?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Nei ég áttaði mig ekki á því og mér finnst það mjög jákvætt að ekki þurfi að bæta við nýjum línunum og möstrum..

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Það er jákvætt að ekki þurfi að leggja háspennulínur.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Það er jákvætt

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Nei ég áttaði mig ekki á því í könnuninni. En það hlýtur að vera jákvætt að sleppa við það

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Það er að sjálfsögðu mjög jákvætt. Svo ég tali nú ekki um að það yrði gert með jarðstreng.



Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Já, það hefur komið fram í umræðu síðustu ára, ef ekki áratuga. Það er mikill kostur, útfrá þeim neikvæðu áhrifum á fegurðarskyn flestra sem háspennulínur valda

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Nei. En ég tel það jákvætt að ekki þurfi að leggja nýjar línur með því jarðraski sem því fylgir í ofanálag.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

mjög jákvætt bæði útlitslega og kostnaðarlega

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Já og mér finnst það jákvætt

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég áttaði mig ekki á því, en það hlýtur að vera jákvætt

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Nei áttaði mig ekki á því

Tel það jákvætt, sparar fjármagn og vinnu

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já og það er vel

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já, ég áttaði mig á því.

Aftur á móti hafa jarðstrengir líka áhrif á umhverfið.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Það er mjög jákvætt að geta notið sömu línur og eru fyrir

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já áttaði mig á því, en það getur alltaf eitthvað breyst og þá þarf væntanlega að leggja þar eitthvað nýtt eða endurnýja.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Vissulega jákvætt. Nei hafði ekki hugsð svo langt

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já ég áttaði mig á því. Tel það vera mjög jákvætt.

Skipta sjónræn áhrif á landslag einhverju máli á þessu svæði eða ekki?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Sjónræn áhrif virkjunarinnar skipta mig mjög miklu máli.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Sjónræn áhrif skipta mig miklu máli

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Aðalega sjónræn áhrif á fossinum

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)



Já mér finnst það skipta máli. Mér finnst að mannvirki eigi að taka mið af umhverfinu sínu svo þau líti ekki út fyrir að hafa bara verið tekin upp einhverstaðar og bara plantað þarna upp á djókið.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Sjónræn áhrif skipta mjög miklu máli í náttúrulegu umhverfi.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Sjónræn áhrif skipta allsstaðar máli þar sem fólk er, og mest þar sem er landslag yfirhöfuð.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég myndi segja að þau skipti máli allsstaðar. Oft á tíðum eru þetta flott mannvirki.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Þetta svæði er frekar hógvært hvað varðar útlit það helsta sem hefði neikvæð sjónræn áhrif væru háspennumöstur

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mér finnst það skipta smá máli en ekki jafn miklu og áhrif á dýralíf

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Það skipta að sjálfsögðu einhverju máli ef eitthvað er mjög ljótt eða stingur mikið í stúf. En mér finnst allt í lagi að framkvæmdin sjáist.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Maður vill alltaf hafa náttúruna fallega, myndi ekki vera sátt með að þetta væri eitthvað agalegt mannvirki í kringum þetta.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Þær skipta öllu máli

Maskína

Myndir þú segja að sjónræn áhrif skipti meira máli en öll önnur áhrif?

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já, að sjálfsögðu skipta sjónræn áhrif á þessu svæði máli.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Sjónræn áhrif skipa alltaf máli en ef vel er að þessu staðið og þetta látið falla vel og fallega að umhverfinu, og sérstaklega á svæðum sem eru í alfaraleið

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já mig finnst það skipta máli að náttúran fái að njóta sín í óbreyttu landslagi

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Já og ég tel að þau skipti alltaf máli

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já það skiptir mig máli - mikilvægt að hönnunin sé falleg eða falli inn í landslagið.

Hvaða áhrif telur þú að virkjun á þessu svæði myndi hafa á ferðamennsku?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Virkjunin hefði að öllum líkindum einhver neikvæð áhrif á ferðamennsku.



Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég held að þessi virkjun geti haft jákvæð áhrif á ferðamennsku.

Maskína

Geturðu útskýrt nánar afhverju þú telur að virkjunin gæti haft jákvæð áhrif?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ferðamennska á þessu svæði er lítil sem engin. Þarna myndu opnast möguleikar á að bjóða uppá siglingar á lóninu, reiðleiðir, opna kennslustofu um raforkuframleiðslu o.fl. Jafnvel gæti verið hægt að bjóða uppá veiðar ef vel tekst til með laxastiga o.fl.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Slæm áhrif

Maskína

Geturðu útskýrt nánar afhverju þú telur að virkjunin gæti haft neikvæð áhrif?

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ferðamenn munu ekki koma lengur til að skoða fossin ef hann minnkar til munar. Kemur líka til með að hafa slæm áhrif á ferðabjónustu í Trausthólma þar sem lax er veiddur í net.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég veit ekki hversu marga ferðamenn þessi foss dróg að en held þó að þetta muni ekki hafa teljandi áhrif á ferðamennsku

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Mjög jákvæða upplifun, það er að segja lónið.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hvað varðar magn, jákvæð. Hvað varðar meðaltal tilfinningalegra áhrifa, skptir mestu hvernig upplýsingar um áhrif virkjunar eru mataðar í ferðafólk.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég held að þau myndu allavega ekki hafa slæm áhrif á ferðamennsku. Það geta skapast öðruvísi tækifæri til uppbyggingar á svæðinu.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

varla nokkur nema jákvæð ef eitthvað, það mætti gera virkjunina aðlaðandi á einhvern hátt fyrir gesti

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

ég veit ekki, mögulega draga úr ferðamennsku því mér finnst eins og fólk sækji í náttúruna og þessi virkjun er frekar ónáttúruleg

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég geri mér enga grein fyrir því

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Þar sem þetta er nálægt þjóðveginum gæti þetta verið áhugavert stopp fyrir ferðamenn að sjá hvernig íslendingar framleiða orku úr náttúrunni. Sérstaklega þar sem þessi foss er ekki vinsælt stopp hjá ferðamönnum eins og er (skv. öðrum svaranda hér fyrir í umræðunni).

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Lítil trú í ég



Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Í fyrsta lagi mjög neikvæð áhrif þegar fossinn er nánast horfinn. Fossar hafa mikið aðdráttarafl og mjög skemmtilegt er að stoppa við Urriðafoss. Aðgengi að honum er mjög gott og hann er stutt frá þjóðveginum, sem getur verið kostur á margan hátt.

Afskaplega erfitt væri t.d. að útskýra fyrir erlendum ferðamönnum að fallegur foss hafi verið eyðilagður til að framleiða rafmagn, sérstaklega þegar aðrir kostir eru í boði.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Ég held að það séu bæði kostir og gallar, að minka vatnsmesta foss landsins er neikvætt en ef aðgengi er gott á svæðinu fyrir fólk að koma og skoða gætu verið tækifæri í því þar sem þetta er í alfaraleið.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mitt mat er neikvæð, þar sem óhreyfð náttúra er það sem ferðamaðurinn er að koma til Íslands að sja

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Engin áhrif. Sumstaðar laða virkjuð svæði til sín ferðamenn, bætt aðgengi, falleg mannvirki.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Það fer eftir ýmsu, hvort byggingin/umhverfið yrði fallett eða ljótt, hvort eitthvað væri gert til að mögulega laða ferðamenn að osfrv.

RAFORKUÞÖRF

Í könnuninni birtist m.a. annars eftirfarandi texti:

Framkvæmdir á raforkukerfum eru tímafrekar og þær þarf að skipuleggja með fyrirvara til að mæta eftirspurn samfélagsins á hverjum tíma. Í raforkuspá stjórnvalda er gert ráð fyrir að til ársins 2030 aukist raforkunotkun almennra notenda um u.þ.b. 190 megavött. Spáin tekur meðal annars til orkuskipta bílaflotans. Stóriðja er ekki tekin með í spána þar sem hún er ekki almennur notandi.

Núverandi framleiðslugeta raforkukerfisins getur ekki annað aukinni eftirspurn af þessari stærðargráðu. Að öðru óbreyttu mun koma til skorts á rafmagni ef ekki verður ráðist í virkjanaframkvæmdir. Viðvarandi skortur á rafmagni mun leiða til hækkunar á rafmagnsreikningi heimila og fyrirtækja í landinu og jafnvel skömmtnar á ákveðnum tímum sólarhringsins.

Miðað við kostnaðarflokkun Orkustofnunar er Urriðafossvirkjun hagkvæmasti virkjanakosturinn í rammaáætlun því fyrsti virkjanakosturinn í röðinni sem kemur til athugunar. Uppsett afl Urriðafossvirkjunar yrði 140 megavött sem færi langt með að anna metinni eftirspurn almennra notenda.

Hversu trúverðugur finnst þér þessi texti?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það getur verið að allt í textanum sé satt og rétt. Það hefur t.d. verið rætt um að álbræðslan í Straumsvík loki, kísilverið á Suðurnesjum verði ekki endurræst og þá ímynda ég mér að við það losni orka. Textinn hér að ofan talar fyrir Urriðafossvirkjun.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst þetta ekki mjög trúverðugt. Tökum sem dæmi ef Ísal hættir starfssemi hér á landi þá fer orkunotkun þeirra langt með að stoppa í þetta gat. Eins getur Landsvirkjun selt þessa orku á hærra verði þar sem almennir notendur eru að greiða hærra verð en stóriðjan.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Trúanlegur en það mætti athuga aðra kosti en vatnsaflvirkjanir.

**Maskína**

Þegar sagt er "hagkvæmasti virkjanakosturinn" finnst þér þá ekki skýrt að það nær til háhitakosta líka?

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ég tek háhitavirkjanir sem vatnsaflvirkjanir. Mér finnst að það þurfi að nota öfl eins og öldur, sól og vind.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Mjög, mér fannst þetta líka "meika sens". Væri til í að vita hvaða virkjanakostir væru næstir í röðinni líka kannski.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Viðvarandi skortur á rafmagn mun leiða til hækkunar á rafmagnsreikningi heimila og fyrirtækja í landinu og jafnvel skömmtnar á ákveðnum tímum sólarhringsins ??? Ekki verður komið auga á ásæður til skorts á rafmagn miðað við ríkjandi ástand. Menn verða að vanda sig í raforkusölu og samningum, það á ekki að lenda á almenningi....

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mér finnst hann mjög trúverðugur.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvers vegna neðri hluti þjórsár hefur enn ekki verið virkjaður, þ.e. er svona aftarlega í röðinni. Umhverfisáhrif eru líklega þau minnstu af öllum orkuframleiðslukostum sem hægt er að upphuga á Íslandi. Þar að auki er þessi kostur fjárhagslega og þjóðhagslega góður. Skv. minni þekkingu á efni þessa texta, er hann vel trúverðugur.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

sem vélstjóri kaupi ég alveg þennann texta en fólk almennt gæti tekið framboði á rafmagn sem sjálfsögðum hlut sem nóg framboð sé af það dygði að fara í innstunguna heima

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mjög trúverðugur

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ágætlega trúverðugur. Ég upplifði samt smá eins og hótun þar sem talað er um að viðvarandi skortur muni leiða til hækkunar á rafmagnsreikningi og jafnvel skömmtnar, þó þetta sé eflaust rétt.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

já það finnst mér

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ekki trúverðugur og margar spurningar vakna.

Hér á að fórna náttúrufyrirbrigði fyrir virkjun og hagkvæmni eru aðalrökin.

Almennur notandi - hver er það? Hvaða almenni notandi þarf meiri orku?

Svo er það spurningin um að dreifa orkunni sem til er betur til allra landssvæða.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Í meðallægi trúverðugur

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Nokkuð trúverðugur ef við horfum á kostnað og þau samlegðaráhrif sem virkjun á þessu stað er. Verð að treysta þeim spám um raforkunotkun til framtíðar sem kemur fram í skýrslunni.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)



Mitt mat er ótrúverðugur þar sem fleiri kostir annarstaðar á landinu sem þegar er búið að skemma undir virkjanir er hægt að stækka og fa ut meiri afköst

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Nokkuð trúverðugur.

Maskína

Er eitthvað sérstakt í textanum sem þér þykir ekki trúverðugt?

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér finnst hann trúverðugur og ég treysti því sem kemur frá Orkustofnuninni.

Þegar þú svaraðir könnuninni áttaðir þú þig á því að raforkuspáin tekur ekki til stóriðju?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Nei.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Já

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Já

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Nei þældi ekki í því

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Í mínum huga á almenningur og fyrirtæki á Íslandi að hafa forgang í öllum raforkuspáum og gerðum stjórnerkis.....

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Já, ég vissi að stóriðjan er höfð fyrir utan spánna.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Það kom fram.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

já

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Já það var tekið skýrt fram

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já, mér fannst það nokkuð skýrt

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

nei eða spáði ekki beint í því, hugsaði bara um allt landið

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Já, ég áttaði mig á því.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já



Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Já ég áttaði mig á því enda standa sumar stóriðjur sem nú eru í landinu höllum fæti og gætu hætt starfsemi í náinniframtíð

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Já.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já, það kom skýrt fram.

**Hvernig heldur þú að framtíðin verði varðandi stóriðjusamninga?
Heldur þú t.d. að þeim muni fjölga, fækka eða standa í stað?**

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Miðað við mengunarkvóta landsins tel ég að stóriðjusamningum fækki eða þeir standi í stað.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég tel að stóriðjusamningum muni fækka

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Vonandi fækkar þeim

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

finnst umræðan vera eins og þeim muni fækka en ódýr orka er ódýr orka. Erfitt að segja til um það.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Er ekki best að spyrja Kínverja að því ? Verða kolaálver byggð áfram af sama krafti, þannig að enginn sjái Himalajafjöllin ? Það er engin leið að svara þessar spurningu af viti.....

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég átta mig ekki á því. Veðja á að þeim muni fækka.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Það veit enginn. Ef spurt er um tilfinningu, myndi ég telja ólíklegt að mikið fleiri stóriðjusamningar verði nokkurntímann gerðir á Íslandi. En hver giskaði á að Trump yrði forseti, Bretar fremdu efnahagslegt sjálfsmorð, eða að aðrir mannlegir lýðræðisharmleikir myndu skekja hinn vestræna heim á síðustu árum.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

sennilega mun þeim fækka því endurvinnsla málma mun aukast en hún krefst minni orku, aftur á móti mun notkun aukast í samgöngum

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

ekki hugmynd

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég hef engar forsendur til að meta það

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Vá ég veit ekki hvað ég skal segja, annað hvort fjölga eða standa nokkurn vegin í stað

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)



Ég held að stóriðjusamningum muni heldur fækka.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Fækka

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Ég held að það muni breytast eitthvað stóriðjum fækka en annað sem þarf mikla orku gæti komið í staðin.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Væntanlega standa í stað þar sem búið er að gefa ut að Ísland ætli að minnka kolefnisútblastur um þriðjung

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Trúlega lítið breitt ástand. Verður þrengt að jarðefnaorkuverum þannig að eftirspurn aukist eftir endurnýannlegri orku?

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Ég verð að viðurkenna að ég bara hef ekki hugmynd.

Hefur þú trú á því, eins og fram kom í textanum, að skortur geti orðið á rafmagni á Íslandi í nánustu framtíð ef ekkert verður aðhafst í þeim málum?

Vinsamlega útskýrðu afhverju þú hefur eða hefur ekki trú á því.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ég hef efasemdir um að stórvægilegur skortur á rafmagni sé yfirvofandi. Þegar rætt er um rafknúinn bílaflota held ég að eitthvað betra komi í staðinn fyrir rafhlöður sem eru mengandi í framleiðslu og eyðingu. Tækninni fleygir hratt fram.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Nei ég hef ekki trú á því. Ég tel að stóriðja muni minnka notkun hjá sér og þannig verður til orka sem við getum nýtt í sölu til heimila.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ég trúi því alveg ef núverandi stóriðjur verða ekki lagðar niður.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég trúi því að okkur vantar sífellt meiri og meiri orku og ég trúi því að það muni ekki breytast í bráð. Ég trúi því líka að það sé einhver þröskuldur á því hversu mikilli eftirspurn raforkuverin geti annað. Það er erfitt að sjá fyrir sér að það verði skortur á rafmagni því maður hefur alltaf auðvelt og stanslaus aðgengi að því.

En ég get alveg séð það gerast ef ekkert annað breytist.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Já, ég hef trú á því. Kerfið annar ekki eftirspurn eða viðbótum, t.d í uppbyggingu á landsbyggðinni.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Það er engin leið að hætta í öllum skilningi. Það ætti aldrei að verða orkuskortur á Íslandi ef rétt er haldið á málum. Vandamálið er orkuflutningurinn þar sem allt er strand : Teigskógarheilkennið ríður hér húsum sem má rekja til Blöndusamninga á sínum tíma. Enginn vill fá minna fyrir sinn skika en þar var um samið....

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

tilfinningin segir að ekki verði orkuskortur en rökrétt er að gera ráð fyrir því þessi þæling er eiginlega ekki fyrir leikmenn til að finna þetta út þarf miklar upplýsingar sem síðan þarf kunnáttu til að lesa úr.



Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Já eg trúi því og tengi við breytingu á bílaflotanum eins og var nefnt í textanum, einnig mögulega notkun á stærri tækjum í landbúnaði sem krefjast meira rafmagns

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Það er erfitt að meta þar sem breytingar í stóriðju gætu haft gríðarleg áhrif. En bara út frá almennri heimilisnotkun finnst mér líklegt að rafmagnsnotkun muni aukast nokkuð, og nú er líka verið að setja upp raftengingar fyrir skip. Mér finnst því ekki ólíklegt að skortur gæti orðið á rafmagni að óbreyttu.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Já ég held það, það er orðin miklu meiri rafmagnsnotkun á heimilunum en var. Þá sérstaklega rafbílarnir.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Raf væðing bílaflotans og í samgöngum yfirleitt kallar á meira rafmagn

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Möguleikinn er fyrir hendi, og skylt að bregðast við slíku á einhvern hátt. Er þó sjálfur ekki á þeirri skoðun að það séu ein og sér rök fyrir Urriðafossvirkjun.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Það fer allt eftir því hver opinbera stefnan verður í notkun á rafmagni í nánustu framtíð. En almennt hef ég ekki trú á að það verði skortur á rafmagni í nánustu framtíð. Stóra spurningin er líka: Til hvers þurfum við svo mikið rafmagn að hætta sé á skorti?

Margt bendir til þess að raforkunotkun aukist, t.d. er stefnan að vera einungis með rafbíla í landinu og að skemmtiferðaskip tengist rafmagni í landi þegar þau hafa viðdvöl í landinu. Einnig eru hugmyndir um aukna framleiðslu matvæla í gróðurhúsum. Umhverfismál/sjálfbærni geta skipt hér miklu máli líka. Á sama tíma eru spurningar um hvort að álver hér loki og dragi almennt úr stóriðju (t.d. miklu ódýrara að framleiða ál í Kína).

Samkvæmt upplýsingum um raforkunotkun í landinu þá nota heimilin um 10% framleiðslunnar, íslensk fyrirtæki/iðnaður um 20% og stóriðjan allt hitt. Ef dregur úr stóriðjunni þá ætti að vera nægt rafmagn. Við bráðnun jökla eykst vatnsmagn til virkjananna sem þegar eru til og auka mætti afkastagetu þeirra. Síðan er það vindorkan.

Betri flutningur á orkunni og endurbætur á flutningskerfinu eiga að geta miðlað nægri orku til notenda um allt land.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Já ef ekkert verður aðhafst ef við ætlum að fara í orkuskipti í samgöngum og iðnaði þá þarf að viðhalda og auka orkugetu þjóðarinnar.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Raforkuþörfin er að aukast. Vonandi verða allir bílar svo og skip og vonandi loftför knúin af öðru en olíu

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Af því það eru aðrir virkjanakostir sem hægt er að nota eða stækka sem þegar hafa skemmt umhverfið - þar fyrir utan ef stóriðjunotendur eru að detta út sbr Rio Tinto og svo kíslmistökin á Husavík verður til meira rafmagn sem væntanlega þarf að koma í sölu.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já, þar sem heimurinn, og við með, erum að færast yfir í að nota rafmagn sem orkugjafa fyrir t.d. bílaflotann og því er augljóst að aukin eftirspurn verður eftir rafmagni í landinu á komandi árum.



Í könnuninni er því haldið fram að Urriðafossvirkjun sé fjárhagslega hagkvæmasti kosturinn í rammaáætlun.

Hversu mikla eða litla trú hefur þú á þeirri staðhæfingu?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ég get ekki dæmt um það. Fannst í könnuninni verið að tala fyrir virkjuninni.

Maskína

Fannst þér það ekki hafa nein áhrif að talin voru upp margs konar neikvæð áhrif á umhverfið?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ég hef á tilfinningunni að þegar svona kannanir eru lagðar fyrir þá sé það framkvæmdaraðilinn sem standi fyrir þeim og mér fannst að framkvæmdin væri afturkræf ótrúverðug.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég hef trú á þeirri staðhæfingu en ég tel ekki að það komi til með að hækka orkuverð. T.d. hækkaði orkuverð ekkert við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Hvorki né. Við þurfum að athuga annað en virkjanir

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

æ, ég veit ekki. Ef það er sagt þá trúi ég því alveg en væri samt til í að fá frekari útskýringar á því og sjá eitthvað af hinum kostunum

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég hef mikla trú á því.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Ég vil sjá kostnaðinn við stækkun Sigöldu og Hrauneyja og bera það saman við Urriðafossvirkjun.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

ég hef engar upplýsingar eða burði til að efast um það og enga ástæðu til að efast heldur

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Eg veit ekki, eg set alveg spurningamerki við það án þess að vita hvaða aðrir möguleikar eru í boði

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Hljómar nokkuð trúlega, m.a. þar sem vegir og háspennulínur eru þegar til staðar

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Hef nokkuð mikla trú á því. Ég er ekki sérfræðingur í þessum málum, ef það er það sem sérfræðingarnir segja þá bara treysti ég þeim.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Mikla trú

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hef haft þá trú mjög lengi

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Sú staðhæfing getur alveg verið sönn en við vitum ekki við hvað er miðað.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)



Hef mikla trú á því staðsetning og samlegað með öðrum virkjunum í Þjórsá

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)
Verulega mikla

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)
Eins og með aðrar framkvæmdir þá hef ég ekki trú á því.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)
Ég hef enga ástæðu til að trúa henni ekki, en ég myndi vilja kynna mér það betur sjálf hvort það sé í raun og veru staðreyndin.

Virkjanaframkvæmdir taka yfirleitt langan tíma, fannst þér það vera skýrt þegar þú svaraðir könnuninni?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)
Það kom mjög skýrt fram.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)
já

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)
Já

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)
Nei man ekki eftir því að það var tekið fram. En maður veit það sousem.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)
Já og nei. Þetta gerist ekkert á einni nóttu.

Maskína
En fannst þér það komast vel eða illa til skila í könnuninni?

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)
Mér fannst það koma ágætlega fram í könnunni.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)
Í mínum huga er það alveg skýrt af fenginni reynslu.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)
nei það var ekki nógu skýrt í könnuninni en það er nokkuð ljóst fyrir alla sem fylgjast með fréttum og umræðum, það gera það ekki allir

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)
Já mér fannst þð

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)
Nei mér fannst það ekki koma fram í könnuninni en ég geri mér ágætlega grein fyrir því

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)
Nei, geri mér ekki alveg grein fyrir hvað virkjunin sjálf tæki langan tíma né hve langur tími væri þangað til hún fer að skila af sér.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)



Nei

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)
Það segir sig sjálf

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)
Nei, mér fannst ekki koma vel fram umfang og tímalengd framkvæmdarinnar.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)
Já það er nokkuð skýrt og það vita allir

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)
Já

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)
Já

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)
Já það var vel skýrt.

GREIÐSLUGETA

Orkunýtingarflokkur

Í könnuninni varst þú spurð(ur) eftirfarandi spurningar.

Miðað við þær upplýsingar sem þú hefur í hvaða flokk myndir þú raða Urriðafossvirkjun í rammaáætlun?

- Verndarflokk (Virkjanakostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.)
- Orkunýtingarflokk (Virkjanakostir sem áætlað er að ráðast megi í. Ef virkjanakostur fellur í orkunýtingarflokk geta orkufyrirtæki sótt um virkjanaleyfi)

Vinsamlega slepptu þessari spurningu ef þú valdir Verndarflokk.

Hvað finnst þér um að rafmagnsreikningurinn þinn myndi hækka, jafnvel þó að Urriðafossvirkjun myndi vera sett í Orkunýtingarflokk, vegna mótvægisáðgerða við umhverfisáhrif á svæðinu?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)
Ég tel að Urriðafossvirkjun eigi að vera í Biðflokk,

Ég tel engar ástæður til að rafmagnsreikningurinn hækki, finnst þetta vera til að reka mig til að samþykkja virkjun. Þessi hálfhótun varð til þess að ég snerist í afstöðu minni til virkjunarinnar frá því að vera frekar fylgjandi í að vera á móti.

Maskína

Getur þú bent okkur á hvaða hálfhótun þú ert að vísa í?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Þegar Landsvirkjun segir "Ef við byggjum ekki virkjun A þá verðum við að hækka orkuverðið" þá eru þeir að hótta mér undir rós. Landsvirkjun hefur skilað hagnaði og það er í finu lagi mín vegna að hagnaðurinn minnki aðeins í stað þess að hækka verðið.

**Maskína**

En afhverju finnst þér að hún eigi að vera í biðflokki, hvaða frekari upplýsingar vantar til að raða henni í vernd eða nýtingu?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

mín skoðun er að virkjanakostir eigi ekki að fara í verndarflokk án þess að fyrir liggi ríkar ástæður og flutningur úr verndarflokki sé næstum ómögulegur. Til þess þurfi aðstæður að hafa breyst töluvert. Sama á við um Nýtingarflokk. Virkjunarkostur á ekki að komast í nýtingarflokk nema fyrir liggi góðar ástæður. Biðflokkurinn er fyrir þá virkjanakosti sem ekki hafa fengið rökstuddar ástæður fyrir hinum flokkunum.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Mér finnst mótvægisáðgerðirnar vera of mikilvægar til að sleppa þeim þrátt fyrir hækkað raforkuverð

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég sætti mig ekki við það. Borga nógu hátt verð fyrir.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Galið

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

orkunýtingarflokk, ég sæi ekkert að hækkun rafmagnsreikningsins til mótvægisáðgerða því hann þyrfti ekki að hækka svo mikið til að fé fengist í miklar mótvægis áðgerðir td skógrækt þar sem það á við

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Eg valdi verndarflokk en get ekki/kann ekki að fara á næstu spurningu svo eg svara bara þessari svona til að geta haldið áfram.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Sleppi þessari spurningu

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Mér finnst allt í lagi að borga eitthvað fyrir mótvægisáðgerðir

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Ég myndi ekki vera glöð að fá hærri reikning en sennilega óhjákvæmileg áðgerð ef svo færi

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Ósáttur við það

Maskína

S.s. ósáttur við að borga fyrir mótvægisáðgerðir?

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hér verður að gera athugasemd við framsetningu. Ýjað er að að mótvægisáðgerðir vegna óhjákvæmilegra umhverfisáhrifa verklegra framkvæmda rýri lífsgæði allra einstaklinga í landinu sem nemi ákveðinni upphæð á mánuði. Forsendur fyrri þessari fullyrðingu eru afar hæpnar og rýra gildi annarra þátta þessa annars vel unna verkefnis. Ganga þarf frá í kring um allar verklegar framkvæmdir, það er ekki valkvætt.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Maður vill aldrei borga meira en nauðsin er, en hækkun um 10 -15% er eitthvað sem maður getur sætt sig við til að koma til móts við umhverfið.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)



Orkunýtingarflokk. Þó svo að rafmagnsverð hækki, þá er það þess virði

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Finnst það bara jákvætt. Ég er alveg til í að borga aðeins meira ef það verður til þess að lífríki á svæðinu verði verndað.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Fyndist það mjög neikvætt.

Verndarflokkur

Í könnuninni varst þú spurð(ur) eftirfarandi spurningar.

Miðað við þær upplýsingar sem þú hefur í hvaða flokk myndir þú raða Urriðafossvirkjun í rammaáætlun?

- Verndarflokk (Virkjanakostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.)
- Orkunýtingarflokk (Virkjanakostir sem áætlað er að ráðast megi í. Ef virkjanakostur fellur í orkunýtingarflokk geta orkufyrirtæki sótt um virkjanaleyfi)

Vinsamlega slepptu þessari spurningu ef þú valdir Orkunýtingarflokk.

Telur þú að það sé trúverðugt að rafmagnsreikningurinn þinn myndi hækka ef að Urriðafossvirkjun verði sett í Verndarflokk?

Ef ekki trúverðugt, hvers vegna ekki?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það er nokkuð trúverðug í dag en hlutirnir breytast hratt.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Ég tel að Urriðafossvirkjun eigi að vera í Biðflokk,

Ég tel engar ástæður til að rafmagnsreikningurinn hækki, finnst þetta vera til að reka mig til að samþykkja virkjun. Þessi hálfhótun varð til þess að ég snerist í afstöðu minni til virkjunarinnar frá því að vera frekar fylgjandi í að vera á móti.

Maskína

Hvaða upplýsingar telur þú vanta til að raða henni í vernd eða nýtingu?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst ekki þörf á að setja í nýtingarflokk fyrr en þörf fyrir virkjun er komin. Sú þörf er ekki komin að mínu viti. Samkvæmt fréttum í dag (25.06.2020) er stóriðjan á Bakka að stöðva framleiðslu tímabundið og þar ætti því helling umframorka að verða til í kerfinu. Ég held við eigum eftir að sjá einhverjar stóriðjur hætta framleiðslu í náinni framtíð og því yrði ekki þörf á fleiri virkjunum.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Nei af því að ég tel að það séu til aðrar leiðir til að framleiða raforku eins og vindur, öldur og sól.

Maskína

Telur þú það vera hagkvæmari kosti eða kosti sem ekki fylgja áhrif á umhverfið? Eða bæði?



Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ég tel það vera kosti sem hafa minni áhrif á umhverfið.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Kemur ekki til greina, við eigum næga aðra virkjunarmöguleika...

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

orkunýtingarflokk

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Já mér fannst það trúverðugt, ef það fer að vanta orku verður hún dýrmætari og þá er hægt að verðleggja hana hærra

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

sleppi

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Jú

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Ekki trúverðugt að stilla þessu upp sem beinni tengingu. Samsetning rafmagnsreikninga er miklu floknari en svo.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Nei mér fyndist það afar langsótt og ótrúverðug skýring á hækkun á rafmagnsreikningi venjulegs heimilis. Það hljómar eins og e.k. kúgun að segja: Annað hvort verður Urriðafossvirkjun eða rafmagnsreikningurinn þinn hækkar.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

-

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

sleppi þessari

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Ef að Urriðafoss er hagstæðasti kosturinn þá yrðu aðrir væntanlega dýrari.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Rafmagnið hækkar hvort sem er, annað hvort vegna of mikils kostnaðar í framkvæmd virkjunar til að fá arðsemi verkefnisins til baka, eða vegna hækkunar á verðlagi. Þar fyrir utan er ekki trúverðugt að kasta fram hótun um hækkun ef ekki er farið í virkjanaframkvæmdir - það eru aðrir möguleikar sem hægt er að nota og hafa þegar eyðilagt umhverfið og því hægt að stækka

Hvað fannst þér um upphæðirnar sem voru nefndar sem hækkun á rafmagnsreikningi?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það er hægt að sætta sig við einhverja hækkun á rafmagnsverði.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Aftur... Þá fannst mér verið að hræða mig til að taka afstöðu til virkjunarinnar

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Það er ekki gott að rafmagnreikningur hækki mikið.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)



Þær voru ekki það háar að þær myndu setja strik í reikninginn í rekstri heimilisins.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)
Mér finnst þær ekki í lagi.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)
Algerlega út úr kortinu.....

Maskína

Telur þú ekki allar hækkanir óásættanlegar eða var upphæðin sem nefnd var í könnuninni of há?

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)
ekki háar

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)
veit ekki, ekkert sérstakt, bara einhverjar tölur sem voru settar fram.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)
ekki það háar, við erum svo heppin að rafmagn sé ekki dýrt á Íslandi

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)
Óraunhæfar

Maskína

Hvað áttu við með óraunhæfar?

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)
Ekki mark á þeim takandi. Fróðlegt væri að sjá hvernig sú tala er fengin.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)
Lægri tölurnar voru alveg ásættanlegar en ekki sú hæsta.

Maskína

Hvað hefði þér þótt um að fá þriðju spurninguna til að þrengja bilið enn frekar?

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ekki skipt máli. Hækkun á rafmagnsreikningi er alltaf neikvæð. Ég leit svo á það sem þessar tölur væru viðmið til að fá fram álit hvort að fólk væri tilbúið til að borga eitthvað ef hækka þyrfti rafmagnsreikninga vegna þess að ekki væri hægt að framleiða rafmagn með Urriðafossvirkjun.

Hækkun vegna þess er ekki trúverðug.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)
Allt frá því að vera í lagi upp í það að vera of mikið

Maskína

Hvort hefðir þú frekar viljað fá þriðju spurninguna, með sama hætti, til að þrengja bilið enn frekar eða fá að skrifa inn tölu sem væri á milli hinna tveggja upphæðanna til að segja hvar greiðsluvilji þinn lægji?

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)
eða bara nota % tölu, ég sagði 10-15% væri í lagi fyrir mig

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)
Frekar lágar, alla vega miðað við minn rafmagnsreikning



Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Hef ekki forsendurtil að meta þær, en tel þær of háar

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Ótrúverðugar á þeim grundvelli að menn geti reiknað eftirspurn og framboð langt fram í tímann og á sama tíma talað um að virkjunarframkvæmdir taki mjög langan tíma, hvað með orkuna sem á að vanta í millitíðinni?

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér fannst þær hæfilegar.

Hvað fannst þér að vera spurð/ur um tvær mismunandi upphæðir hvað varðar hækkun á rafmagnsreikningi?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það skipti ekki miklu máli.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér fannst það vera frekjulegt

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Hræðsluáróður

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Þegar það kom önnur upphæð þá fannst mér ég hugsa mig aðeins betur um. Sniðugt.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mér fannst það allt í lagi. Ágætt að fá einhverja hugmynd um hækkun.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Það koma ekki til greina neinar mismunandi hækkunir á raforku til almennings....

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

sá ekkert athugavert við það

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

bara fínt, ekki svo mikill munur á upphæðunum

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Bara sjá hversu mikið fólk væri tilbúið til að borga aukalega

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Skrítið

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Það er ekki hægt að reikna slíkar framtíðartölur út á trúverðugan hátt, hvort sem þær eru tvær eða tvö hundruð.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Allt í lagi að vera spurður um tvær upphæðir.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Allt í góðu lagi þetta eru bara spurningar

Maskína



Hefur þú ekki trú á því að rafmagnsreikningurinn verði raunverulega fyrir áhrifum?

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Jú en upphæð er afstæð heldur að nota % það er betra

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Eðlilegt, ég bjóst við fleiri upphæðum

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Ekki raunhæft miðað við stöðuna í dag.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Bull, eins og ég sagði þá tala menn um hækkun á rafmagni mörg ár fram í tímann þar sem virkjunarframkvæmdir taka langan tíma, síðan eru rafmagnstæki og annað sem framleitt er í dag mjög sparsöm tæki og væntanlega vantar það með i utreikningana að raftæki taki minna rafmagn með tímanum og því frekari líkur á að eftirspurn standi í stað

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér fannst það fínt.

Hvað finnst þér um að fá að hafa eitthvað um það að segja hvaða virkjanakostir fari í verndarflokk og hvaða virkjanakostir fari í nýtingarflokk?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það er af hinu góða að almenningur fái að tjá sig um þessi mál. Aðalatriðið í mínum huga er að virkjað verði á stöðum sem eyðileggja sem minnst óspillta náttúru og dýralíf.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mér finnst það skipta miklu máli, en mér finnst líka að heimamenn eigi að hafa mikið um þetta að segja.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

MJög mikilvægt

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Mér finnst það auðvitað bara frábært. En fólk þarf einmitt að kynna sér svona hluti áður en það tekur afstöðu.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mjög fínt.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Það kostar mikla vinnu að setja sig inn í það og meta síðan á hlutlægan hátt til orða eða gerða. Þetta verður áfram pólitískt þrætuepli.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

mér finnst það mjög jákvætt þá sérstaklega að ég þurfi að velta þessu fyrir mér öllum hliðum málsins

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

mér fannst það fínt, fékk mig til að hugsa og meta kostina betur

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Á Íslandi ríkir lýðræði og þá sjálfsgætt að svona ákvarðanir séu bornar undir hlutlausu borgara.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Það er lýðræði í því



Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Mér finnst það mikilvægt en til að við „almenningsur“ (ekki með fagmenntun á þessu sviði) getum myndað okkur skoðun er þörf á ítarlegri og eins hlutlausri fræðslu og hægt er. Þar þurfa að koma fram sem flestar hliðar málsins; jákvæðar og neikvæðar og þá hvers vegna.

Á undanförunum mánuðum/árum hefur mjög oft og mikið verið hamrað á því að raforkuskortur gæti verið framundan á Íslandi. Ef rafmagnslaust verður einhvers staðar er gert mikið úr því - en ekki farið mikið í orsakirnar, sem gætu t.d. verið eldgamalt flutningskerfi sem hefði átt að endurnýja fyrir löngu.

Svo er dælt í okkur auglýsingum með jöfnu millibili um það hversu frábært það er að eiga svona mikla raforku í landinu.

Síðan læðist af og til inn umræða um sölu orku úr landi með rafstreng. Hvar er skorturinn þá? Síðan að ef við tengjumst þannig raforkukerfi Evrópu þá sé óheimilt að selja raforku á Íslandi á lægra verði en „Evrópuverðið“ sem myndi leiða til gígantískrar hækkunar hér.

Hverju á „almenningsur“ að trúa?

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Í lýðræði á lýðurinn að ráða, skv. orðsins hljóðan. Á Íslandi er við lýði fulltrúalýðræði, af ríkri ástæðu, því lýðurinn (ég sjálfur og allir hinir) á að ráða, þ.e. meirihluti þátttakenda í samfélaginu. Ef almenningsur ætti að taka allar ákvarðanir sem teknar eru, sameiginlega, hefði enginn tíma til að vinna, og varla sofa. Þess vegna eru valdir fulltrúar fyrir hönd meirihluta fólks, sem kynna sér einstök mál til hlítar og taka upplýstar ákvarðanir, fyrir lýðsins hönd. Þannig er sneitt hjá tjóni af skrumi og rakalausum tilfinningaáhrifum á faglegar ákvarðanir. Enn á eftir að finna upp góða leið til að opna á áhrif almennings, lýðsins, á ráðstafanir eins og röðun virkjanakosta, en mikið hefur verið reynt til þess sem verður að virða vel. Þessi "spjallborðs" leið er enn ein tilraunin. Ef ég, og þá allir aðrir landsmenn, ætti að setja mig nógu vel inn í hið flókna samspil sem röðun virkjanakosta er, þyrfti ég aðgang að öllum rannsóknum og öðrum upplýsingum, lesa allt og skilja, í stað þess að elta þá sem hrópa á torgum. Lýðskrum og popúlismi er ógn, vanmetin ógn, og því sætti ég mig við fulltrúalýðræðið með öllum sínum ágöllum. Ég hef alltaf þann kost að hrópa á torgum til að fá útrás fyrir óánægju með ákvarðanir.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Það er jákvætt en þetta er nokkuð vandmeð farið, það er auðvelt að flokka allt í verndarflokk, án þess að taka með inn í myndina að við þurfum rafmagn.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég held að fyrir flesta sé það dálítið mikil vinna og óraunhæft að kynna sér málin nógu vel. En í þeim tilvikum þar sem fólk hefur hagsmuni eða sterkar skoðanir þá fyndist mér mjög jákvætt að hafa farveg til að koma því á framfæri.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Ekki viss um að það sé raunhæft

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Mjög gott, því það sýnir að er farið er eftir því sem þar kemur, að lýðræði er við lýði á Íslandi og Íslendingar fá að koma að málum og leggja til sitt mat.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér finnst gott að hafa eitthvað um það að segja, en ég er hinsvegar engin sérfræðingur í þessum málum og því ættu ákvarðanir að vera í höndum sérfræðinga á þessu sviði (bæði á sviði virkjanna og raforku sem og náttúru og náttúruverndar).

Hefur þú raunverulega trú á því að niðurstöðurnar verði notaðar við röðun í rammaáætlun?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)



Ég vona að niðurstöðurnar verða að minnsta kosti hafðar til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar í virkjanamálum. Virkjanir eru viðkvæm mál og sést það best á umræðunni um Hvalárvirkjun.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Nei, ekki sérstaklega

Maskína

Afhverju ekki?

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Það er mín skoðun að stjórnámálamenn taka lítið tillit til skoðana almennings þegar þær eru ekki á pari við það sem þeir vilja. Nærtækasta dæmið er Stjórnlagabíngið. Almennt láta þeir skoðanakannanir, undirskriftarlista og þess háttar ekki hafa áhrif á sig.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Nei

Maskína

Ahverju heldurðu ekki?

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Ég treysti ekki stjórnámálamönnum til að taka tillit til skoðana annara.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já. Það er ekki ókeypis að ráðast í svona kannanir og ég efast um að það sé verið að gera þetta upp á djókið.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Já, ég hef trú á því.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Ég hef enga trú á því frekar enn Íslenskri pólitík. Það var samt gaman að taka þátt í þessu, þar sem ég hef fylgst með þessum málaflökki margt lengi

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Það eru bjánar sem taka ekki vel fram settum rökum

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

nei ekki alveg, niðurstöðurnar gætu haft einhver áhrif en kannski ekki notaðar til að raða í rammaáætlun

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Já líklega að vissu leiti, annars væri varla verið að leggja svona mikla vinnu í þessa könnun.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já eflaust

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Nei, ég hef ekki mikla trú á því.

Kannski möguleiki ef fjöldinn sem væri spurður væri mjög mikill og fjölmiðlar tækju virkan þátt í umræðunni sem hjálpaði til við að „allir“ skyldu vel um hvað málið snérist.

Reynslan hefur bara sýnt að „yfirvöld“ fara sýnu fram, sama hvað hver segir.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)



Vængjalsláttur fiðrildis í Amazon hefur áhrif á veðrið á Amager. Ekki svo það mælist, en reyndin hefur sýnt að þetta ömurlega langdregna, tímafreka, víðtæka og rándýra samráð við misvitran almenning sem er kallað rammaáætlun er besta leið sem til er til að taka að meðaltali góðar ákvarðanir.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Vonandi virkar lýðræðið og öll sjónarmið fá að njóta sín og kaom fram.

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég hef eiginlega engar forsendur til að meta það, en ég held það myndi þurfa að koma einhver mjög sterk og eindregin skilaboð út úr svona könnun til að það hafi einhver áhrif til breytinga á því sem búið er að ákveða.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

E.t.v hafðar til hliðsjónar

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Því er ómögulegt að svara.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Mér finnst líklegt að þær verði mögulega notaðar sem viðmið, en ég er ekki viss um að þær muni skipta miklu máli.

AÐ LOKUM

Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að að skilja könnunina í heild sinni?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Það var auðvelt að skilja könnunina. Skýringarmyndir margar og góðar.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

frekar auðvelt

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Auðvelt

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ég skildi hana vel

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mér fannst textinn oft á tíðum langur og leiðinlegur.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Þar sem ég þekki þessi mál aðeins var ekki erfitt að skilja, mynnir að ég hafi gert tilboð fyrir 10 árum (áætlun) í þessar virkjanir neðan Búrfells.....

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

mjög auðvelt

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

frekar auðvelt, góðar útskýringar og myndir sem hjálpa

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Auðvelt, skýr og góð uppsetning

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)



Ágætlega

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Mér fannst frekar auðvelt að skilja könnunina.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Framsetningin miðast við lægsta samnefnara. Hver kosningabær landsmaður ætti að skilja þessa könnun vandræðalaust

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Nokkuð auðvelt en maður þarf að hugsa

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Nokkuð auðvelt, upplýsingar voru skýrt settar fram og vel útskýrt hvernig uppbygging könnunarinnar væri

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Nokkuð auðvelt. Ekkert sem kom á ovt

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Frekar auðvelt að mínu mati.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Í meðallagi. Ég átti erfiðara með að skilja sumt sem ég var ekki vel að mér í.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Ætti kannski frekar að segja að mér fannst stundum erfiðara að mynda mér skoðun á ákveðnum hlutum, en könnunin sjálf var frekar skýr.

Hvað finnst þér um orðalagið í könnuninni, var það á skiljanlegu máli eða ekki?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Orðalag könnunarinnar var gott og mjög skiljanlegt.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Mjög skiljanlegt

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Á skiljanlegu máli.

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Já

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Mjög skiljanlegt en mjög langt oft á tíðum.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Mjög vel skiljanlegu máli, lítið um stofnanaleg hringyrði sem enginn skilur.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

mjög skiljanlegt

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

skiljanlegu máli fannst mér



Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)
já mjög flott

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)
Bara fínt

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)
Í langflestum tilfellum fannst mér orðalagið á skiljanlegu máli.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)
Orðalagið miðaðist við börn á öllum aldri.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)
já á mjög skiljanlegu máli

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)
Vel skiljanlegt

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)
Já

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)
Já að mínu mati.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)
Já mjög skiljanlegt.

Hefur þú orðið var/vör við fréttáflutning um Urriðafossvirkjun?
Ef svo er, vinsamlegast segðu okkur betur frá því og hvort að þú telur fréttáflutningin hafa haft áhrif á svör þín.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)
Eitthverjar fréttir hef ég heyrt af Urriðafossvirkjun en mér finnst það hafa verið fyrir löngu. Svör mín við þessum spurningu komu frá hjartanu.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)
Já, bæði fréttir og umræða heima í héraði. Fréttáflutningurinn sem slíkur hefur haft lítil áhrif á afstöðu mína.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)
Nei

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)
Nei hef ekki séð neinn fréttáflutning um Urriðafossvirkjun

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)
Já, ég held að það hafi ekkert endilega haft áhrif. Hef verið hlynnt virkjunarframkvæmdum í einhverri mynd í einhvern tíma.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)
Fréttáflutningur hefur engin áhrif á þá sem til þekkja..... allt fals fer inn og út.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)
hef orðið var við fréttáflutning en áhugaleysið algert, inn um annað eyrað út um hitt en könnun eins og þessi kveikir áhugan því þarna er velt upp ýmsum hliðum málsins sem skýra það.



Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

nei ég get ekki sagt það

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Nei, fylgist aldrei með sjónvarpsfréttum. Þegar maður skoðar bara fréttir á netinu klikkar maður bara á það sem maður hefur áhuga á og þá helst það sem er í top 10 og virkjanamál ná sjaldnast á þann lista.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Ekki nema í þessari könnun

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Það er nokkuð langt síðan fréttir af Urriðafossvirkjun hafa verið. En ég man eftir að hafa séð/lesið fréttir um málið.

Fréttaflutningur hafði ekki áhrif á svör mín en hann vakti á sínum tíma áhuga minn á Urriðafossi sjálfum.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Já.

Get ekki sagt að fréttaflutningur hafi haft áhrif á svör hér.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Ekki mikið undanfarið og hafði ekki áhrif á mína svör eða afstöðu

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Nei ég hef ekki orðið vör við það, en ég fylgist reyndar mjög lítið með fréttum

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Þar sem ég bý ekki á svæðinu hef ég ekki kynnt mér málið sérstaklega, enn vissulega fylgst með. Umræðan hafði ekki áhrif á svör mín.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Ekki mikið nei.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Nei, ekki neitt.

Hversu vel eða illa þekkir þú svæðið hjá Urriðafoss?

Hefur þú t.d. komið þangað?

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Ég hef komið að Urriðafossi og gengið aðeins um svæðið. Þá var é ekki með virkjunina í huga.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)

Eins og ég sagði í upphafi þá bý ég á svæðinu og hef komið að því svæði sem liggur undir.

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Hef komið að Urriðafossi nýlega og finnst mjög slæmt ef að hann breytist mikið

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

Ekki vel og hef ekki komið þangað

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Ég hef keyrt þarna framhjá en ekkert skoðað mig um.



Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Já ég hef komið að Urriðafossi og farið niður með Þjósá á landi og á bát. Önnur saga.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Þekki það illa, man ekki eftir að hafa komið þangað en þáttaka í könnuninni gerir að verkum að maður kíkir á svæðið

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Eg hef komið þangað fyrir mörgum árum og fannst það gaman, eg myndi segja að ég þekki ekki vel til samt.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Ekki vel, keyrði samt þarna framhjá seinast núna á sunnudaginn og hef aldrei vitað af fossinum

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Ágætlega já ég hef komið á staðinn

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ég hef komið nokkrum sinnum að Urriðafossi og þekki svæðið því alveg ágætlega.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Hef margoft komið þangað. Er ættaður að hluta af bökkum neðri Þjósár

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Já ég hef komið þarna nokkru sinnum og veit þar einu sinni lax

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Ég held ég hafi komið einu sinni að Urriðafossi, ég þekki vel svæðið ofar í uppsveitum Árnessýslu og upp með Þjósá, en minna þarna niðri við hringveginn.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Ekki kunnugur en komið á svæðið.

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Ágætlega og já hef komið þangað bæði að sumri og vetri.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Nokkuð vel, hef ekki komið þangað nákvæmlega en hef verið á svæðinu í kring.

Fannst þér nógu skýrt í könnuninni að þetta verkefni er unnið fyrir rammaáætlun en ekki fyrir orkufyrirtæki?

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

nei

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

Já ég held mér hafi fundist það nokkuð skýrt

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

ég áttaði mig á því að það væri ekki verið að vinna þetta fyrir orkufyrirtæki en fattaði ekki endilega fyrir hvaða stofnun samt.

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Nei



Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Já ég átta mig á því

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

‘Já ég skil það svo að þetta sé í vegferð í kerfinu. einhverstaðar segir : Því ver duga heimskra manna ráð, er þau koma fleiri saman. Mín ráðgjöf til rammaáætlunar er enn að bæta fyrst við vélum í Sigöldu og Hrauneyjum.....

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

Já mér fannst það

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Já

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Já sem er mjög gott.

Cardi B (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 110, Aldur: 24)

Já, fannst það skýrt.

Declan McKenna (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 540, Aldur: 34)

Já, mér fannst það mjög skýrt.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Nei, það fór framhjá mér

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

Já þó svo þetta væri gert fyrir orkufyrirtæki þá sæi ég ekki vandamálið, í könnuninni er öllum steinum velt til að komast að sem skynsamlegastri niðurstöðu það eru nútímaleg vinnubrögð sem enginn getur skorast undan, að mínu mati er könnunin unnin af heilindum.

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Ekki nógu skýrt.

Takk kærlega fyrir að gefa þér tíma til að svara spurningunum í þessu vefumræðuborði. Vefumræðuborðið verður opið fram á föstudag og við munum, í þeim tilfellum þar sem þörf er á því, senda þér eftirfylgnispurningar til að skilja betur afstöðu þína. Ef svo er þá sendum við þér áminningu hvað það varðar með tölvupósti eða sms-i. Vonumst við til þess að þú hafir jafnframt tök á því að svara þeim spurningum.

Við minnum á að allir virkir þátttakendur verða umbunaðir með 10.000 króna gjafabréfi sem við sendum út í lok júní.

Ef það er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum þá getur þú skrifað það hér að neðan.

Abney Park (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 76)

Þeir sem koma að ákvarðanatöku á nýjum virkjunum þurfa að vanda valið eins og kostur er.

Aerosmith (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 801, Aldur: 56)



Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Ég get ekki sagt að ég sé hlynntur virkjununum 2 fyrir ofan í Þjórsá það eru náttúruspjöll.

Bauhaus (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 113, Aldur: 75)

Allar hækkanir á raforkuverði til almennings eru óásættanlegar. Með ESB breytinguni sem var 100 % óþörf það er Framleiðsla- sala - flutningur á raforku hækkaði verð til neytenda, förum til baka og lækkum raforkuverð.

ABS (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 64)

takk fyrir að sýna mér traust til að taka þátt

Cadillac (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 311, Aldur: 28)

áhugavert að taka þátt í þessu og þetta hefur virkjað áhuga minn á mögulegum virkjanaframkvæmdum

Bastille (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 105, Aldur: 41)

Það er ekkert sem ég þarf að koma á framfæri.

Descendents (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 24)

Margt áhugavert sem kom fram og ég er fróðari um núna.

Disclosure (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 50)

Takk

Canned Heat (Kyn: KVK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 65)

Þakka bara sömuleiðis fyrir að fá að taka þátt í þessari umræðu.

Dragonforce (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 101, Aldur: 57)

Þakka afar virðingarverða lýðræðistilraun. Hún er gölluð eins og nær allar slíkar, en mun líklega skila einhverju inn í þetta mál.

Daft Punk (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 170, Aldur: 53)

Takk fyrir þetta 😊

Dante (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 112, Aldur: 32)

bara flott framtak

Disturbed (Kyn: KVK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 210, Aldur: 46)

-

Depeche Mode (Kyn: KK, Flokkur: Orkunýtingarflokkur, Pnr: 561, Aldur: 70)

Nokkuð gott framtak. Takk

After the fire (Kyn: KK, Flokkur: Verndarflokkur, Pnr: 260, Aldur: 36)

Nei